

Þjóðaratkvæðagreiðsla 29. ágúst 2026



Kosningakver Reykjavíkurborgar

Leiðbeiningar og hagnýtar upplýsingar fyrir kjörstjórnir
og annað starfsfólk í Reykjavík

EFNISYFIRLIT

Um kverið	2
Símaskrá	3
1. Upplýsingar	4
1.1. Um þessar kosningar	4
1.1.1. Kosningalög	4
1.1.2. Kynrænt sjálfræði	4
1.2. Orðskýringar	5
1.3. Kjörstjórnir	6
1.4. Kjörstaðir og kjördeildir	7
1.5. Hverfiskjörstjórnir	8
2. Leiðbeiningar	10
2.1. Leiðbeiningar fyrir undirkjörstjórnir	10
2.1.1. Gögn undirkjörstjórnar	10
2.1.2. Kjördagur	11
2.1.3. Undirbúningur í kjördeild	12
2.1.4. Verklag í kjördeild	13
2.1.5. Að greiða atkvæði og breyta seðli	14
2.1.6. Skilríki	14
2.1.7. Prikablað	15
2.1.8. Innsigli	16
2.1.9. Skipti á kjörkösum	16
2.1.10. Aðstoð við kosningu	17
2.1.11. Afsal kosningaréttar í kjördeild	18
2.1.12. Ónýtir kjörseðlar	18
2.1.13. Utankjörfundaratkvæði	18
2.1.14. Kosningaspjöll	20
2.1.15. Viðbrögð við erfiðum aðstæðum	20
2.1.16. Uppgjör	23
2.1.17. Tékklisti í lok dags	25
2.1.18. Leiðbeiningar um frágang undirkjörstjórna	25
2.2. Leiðbeiningar fyrir hverfiskjörstjórnir	28
2.2.1. Gögn hverfiskjörstjórnar	28
2.2.2. Tímalína frá kl. 7:00-9:00	29
2.2.3. Skilríki	30
2.2.4. Innsigli	31
2.2.5. Umboðsmenn	31
2.2.6. Tékklisti	32
2.2.7. Utankjörfundaratkvæði	33
2.2.8. Aðstoð við kosningu	35
2.2.9. Flutningur kjörkassa	36
2.2.10. Afsal kosningaréttar í kjördeild	37
2.2.11. Gerðabók	38
2.2.12. Eftirlit með uppgjöri undirkjörstjórna	39
2.2.13. Uppgjör hverfiskjörstjórna	39
2.2.14. Kosningaspjöll	40
2.2.15. Leiðbeiningar um frágang hverfiskjörstjórna	40
2.3. Persónuvernd	42
2.3.1. Persónuupplýsingar sem unnið er með í tengslum við kosningar	42
2.3.2. Meðferð persónuupplýsinga og tilkynningar um brest á öryggi	43
3. Fundarreglur	44

UM KVERIÐ

Þetta kver er unnið af Reykjavíkurborg og er ætlað til leiðbeiningar fyrir hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið 29. ágúst 2026. Kverið er endurskoðað og uppfært fyrir hverjar kosningar.

Kverið skiptist í tvo meginkafla. Í kafla 1 eru upplýsingar. Þar finnið þið símaskrá, orðskýringar, upplýsingar um kosningalög, lista yfir kjörstaði og hverfiskjörstjórnir og fleira gagnlegt.

Í kafla 2 eru leiðbeiningar. Leiðbeiningakaflanum hefur verið skipt í tvo hluta, sá fyrri er ætlaður undirkjörstjórnnum og hinn seinni hverfiskjörstjórnnum. Í lokin er umfjöllun um meðferð persónuupplýsinga.

Í 3. kafla eru fundarreglur yfirkjörstjórnar Reykjavíkur.

Ef þú situr í **undirkjörstjórn** skaltu fara beint í kafla 2.1. og kynna þér undirbúning og verklag í kjördeild.

Ef þú átt sæti í **hverfiskjörstjórn** skaltu fara beint í kafla 2.2. og lesa þér til um verklag að morgni kjördags.

Lykilatriði

Ef þið eruð í vandræðum má alltaf hafa samband við símaverið í Ráðhúsinu. Hægt er að hringja í síma 411 4915 eða senda tölvupóst á netfangið kosningar@reykjavik.is. Samskipti símavers og hverfiskjörstjórna fara mikið fram í gegnum Teams. Það verður fólk við símann og tölvuna í allan dag sem getur aðstoðað við hvað sem kann að koma upp.

Það er skrifstofa borgarstjórnar sem heldur utan um framkvæmd kosninganna fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Við þiggjum ábendingar um allt sem má betur fara, bæði fyrir og eftir kosningar. Ykkur er óhætt að tala við okkur í trúnaði.

Gangi ykkur vel!

SÍMASKRÁ**Yfirkjörstjórn Reykjavíkur**

Ari Karlsson (oddviti), Jarprúður Ásmundsdóttir og Eva B. Helgadóttir

Til vara

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Laufey María Jóhannsdóttir og Tómas Hrafn Sveinsson

Áheyrnarfulltrúar

Katrín Pétursdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Hekla Sigrúnardóttir

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður

Eva B. Helgadóttir (oddviti), Pétur Steinn Guðmundsson, Ragnhildur Thorlacius, Heimir Örn Herbertsson og Páll Ágúst Ólafsson

Til vara

Björn Leví Óskarsson, Einar Karl Friðriksson, Harpa Rún Glad, Orri Heimisson og Jóhanna Klara Stefánsdóttir

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður

Tómas Hrafn Sveinsson (oddviti), Sigurbjörg Ósk Friðleifsdóttir, Hrafnhildur Kristinsdóttir, Sandra Hlíf Ocares og Úlfur Þór Andrason

Til vara

Dóra Sif Tynes, Jónas Már Torfason, Lísbet Sigurðardóttir, Sigurður Helgi Birgisson og Sunna Lind Höskuldsdóttir

Aðsetur á kjörfundi	Ráðhús Reykjavíkur	
Aðsetur í talningu	Laugardalshöll	
Netfang	kosningar@reykjavik.is	
Starfsfólk yfirkjörstjórnar	Helga Björk Laxdal	664 8207
	Hildur Lilliendahl	852 8665
	Páll Hilmarsson	843 0458
	Þórhildur Lilja Ólafsdóttir	664 8926
Símaver	kosningar@reykjavik.is	411 4915
Bílstjórar	Ólöf Magnúsdóttir	869 7776
	Þórir Kjartansson	781 5741
Umsjón talningar	Páll Hilmarsson	843 0458
	Guðjón Örn Helgason	
	Inga Rós Gunnarsdóttir	
	Inga Jessen	
	Svava Guðlaug Sverrisdóttir	
Umsjón með kjörstöðum	Bragi Bergsson	862 8222
	Ívar Vincent Smáráson	846 3861
	Jónas Óskar Magnússon	694 9394
Umboðsmenn Reykjavík norður	Já: Björn Jóhannesson, bjorn.johannesson@thjodaratkvaedi.is Nei: Anna Linda Bjarnadóttir, anna.linda.bjarnadottir@thjodaratkvaedi.is	
Umboðsmenn Reykjavík suður	Já: Guðrún Bergsteinsdóttir, gudrun.bergsteinsdottir@thjodaratkvaedi.is Nei: Heiða Björg Pálmadóttir, heida.bjorg.palmadottir@thjodaratkvaedi.is	

1. UPPLÝSINGAR

1.1. UM ÞESSAR KOSNINGAR

Þann 29. ágúst 2026 verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem spurt verður hvort Ísland eigi að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið. Valkostir á kjörseðli eru já og nei. Ýmsar upplýsingar um atkvæðagreiðsluna má nálgast á www.reykjavik.is/kosningar.

Kosningarétt hafa allir íslenskir ríkisborgarar sem hafa lögheimili á Íslandi og hafa náð 18 ára aldri á kjördag. Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarétt við þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslenskur ríkisborgari sem hefur átt lögheimili á Íslandi heldur kosningaréttinum í 16 ár frá því að hann flytur lögheimili af landinu. Eftir þann tíma þarf að sækja um til Þjóðskrár Íslands að vera settur aftur á kjörskrá og þarf slík umsókn að hafa borist fyrir 1. desember 2025.

Leiðréttingar eru gerðar á kjörskrá allt fram á síðustu stundu. Á kjörskrárstofni voru samtals 95.692 í báðum Reykjavíkurborgum þann 22. júlí.

Athugið sérstaklega nýtt verklag. Undirkjörstjórnir gera nú sjálfar breytingar á kjörskrá. Þær koma í lausum blöðum inn í kjördeildabókum. Þetta er útskýrt betur á bls. 12.

1.1.1. KOSNINGALÖG

Um kosningar gilda kosningalög nr. 112/2021 sem þið fáið afhent í kosningahandbókinni. Lagaumhverfið mun skipta ykkur máli yfir daginn. Jafnframt gilda um kosningar ýmiskonar reglugerðir sem þið getið lesið í sömu handbók. Sem dæmi má nefna reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga, reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu, reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utankjörfundaratkvæða, reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga og reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. Allt þetta getið þið einnig kynnt ykkur á <https://island.is/s/landskjorstjorn/log-og-reglugerdir>.

Öllum kjósendum er heimilt að fá aðstoð við kosningu. Þau þurfa ekki að gefa upp ástæðu fyrir því. Ykkur er **algjörlega óheimilt** að spyrja kjósendur hvers vegna þeir vilji aðstoð. Nánari leiðbeiningar um aðstoð má finna í kafla 2.1.10 fyrir undirkjörstjórnir og 2.2.8. fyrir hverfiskjörstjórnir.

1.1.2. KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 tryggja rétt einstaklinga til að skilgreina eigið kyn og rétt til að breyta opinberri skráningu kyns og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Samkvæmt þeim lögum eiga opinberir aðilar og einkaaðilar sem skrásetja kyn, að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns, t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum.

Þetta hefur þær afleiðingar fyrir okkur að í kjördeildabókunum, prikablöðunum og uppgjörsblöðunum eru þrír kynjadálkar. Kynskráning fólks kemur fram í fremsta dálknum

í kjörskránni (1, 2 eða 7) og við hana styðjist þið þegar þið merkið við og gerið upp. Þið **megið ekki** spyrja kjósanda um kyn eða kynskráningu, heldur notist þið við þær upplýsingar sem eru í bókinni fyrir framan ykkur.

Ef nafn kjósanda samræmist ekki þeim skilríkjum sem hann framvísar skuluð þið kalla til hverfiskjörstjórn til að aðstoða. Vera má að kjósandinn hafi breytt skráningu kyns eða nafns síns eftir viðmiðunardag kjörskrár, en það er sá dagur sem kjörskráin er prentuð. Þá getur kjósandi hafa breytt skráningu kyns eða nafns en ekki fengið útgefin ný skilríki eftir það.

1.2. ORÐSKÝRINGAR

Hugtökin í kringum framkvæmd kosninga geta verið torskilin. Til að auðvelda starfsfólki að læra þessi hugtök höfum við tekið þau saman ásamt orðskýringum. Þennan lista þurfið þið helst að vera með á hreinu en getið svo alltaf flett upp í ef þörf krefur.

Kjörstjórn. Þrenns konar kjörstjórnir starfa í Reykjavík við kosningar; yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir. Hlutverk þeirra eru útskýrð í kafla 1.3.

Kjörstaður - kjördeild. Í Reykjavík er kosið á 24 stöðum sem kallaðir eru kjörstaðir. Hverjum kjörstað er svo skipt upp í **kjördeildir** en fjöldi þeirra veltur á hversu margir kjósendur eru skráðir á kjörstaðinn. Í hverri kjördeild vinnur ein undirkjörstjórn og þar eru skráðir á bilinu 900-1300 kjósendur.

Kjörfundur. Kjörfundur eru kosningar á kjörstöðum á kjördegi, í okkar tilfelli kl. 9-22 laugardaginn 29. ágúst.

Kjörklefi. Í hverri kjördeild eru kjörklefar, þangað inn fer fólk til að kjósa í einrúmi. Kjörklefarnir sem við notum í þessum kosningum gera allt að fjórum kleift að kjósa í einu en eitt borðið er lægra en hin þrjú og er ætlað fyrir hjólastólanotendur.

Kjörgögn. Kjörgögn kallast þau gögn sem notuð eru við framkvæmd kosninga, s.s. kjörseðlar, kjörskrá, blýantar, leiðbeiningar og fleira.

Kjörskrá. Listi yfir nöfn þeirra sem hafa kosningarétt í tilteknum kosningum, ásamt kennitölu, heimilisfangi og kjörskrárnúmeri. Undirkjörstjórnir hafa kjörskrá fyrir sína kjördeild í gormabókum sem kallast **kjördeildabækur**.

Innsigli. Innsigli eru tvenns konar. Annars vegar er rauður límmiði sem notaður er til að loka ýmsum kjörgögnum, t.d. umslögum, svo ljóst sé að ekki hafi verið átt við þau. Ef innsigli er rofið sést það á límmiðanum. Hins vegar eru innsiglisbönd til að innsigla kjörkassa. Á hvern kjörkassa eru notuð fimm innsiglisbönd. Fjögur eru sett á þegar kassinn er tekinn í notkun en hið fimmta þegar kassinn er tekinn úr notkun.

Gerðabók. Í gerðabækur eru skrifaðar fundargerðir. Gerðabók hverfiskjörstjórnar er stór svört bók en undirkjörstjórnir fá þar til gerð eyðublöð. Í þessu kveri er þetta eyðublað nefnt **fundargerð**.

Kjörsókn. Upplýsingar um hversu mörg kjósa. Undirkjörstjórnir halda bókhald yfir kjörsóknina í sinni kjördeild, bæði heildarfjölda og skiptingu eftir kynjum. Í Reykjavík eru þessar tölur teknar saman á hverjum klukkutíma og birtar á netinu.

Utankjörfundaratkvæði. Sá hluti kosninganna sem fram fer vikurnar fyrir kjördag er kallaður atkvæðagreiðsla utan kjörfundar. Atkvæðin sem berast á kjörfundinn úr utankjörfundaratkvæðagreiðslunni nefnast utankjörfundaratkvæði.

Óvistuð utankjörfundaratkvæði. Utankjörfundaratkvæði sem berast beint á kjörstað en eiga að berast á annan kjörstað. Þau eiga að berast frá hverfiskjörstjórn til yfirkjörstjórnar með uppgjöri að kjörfundi loknum og fjöldi þeirra færist í reit N á uppgjörsblaði hverfiskjörstjórnar.

Ónýt/eyðilögð utankjörfundaratkvæði. Utankjörfundaratkvæði sem ónýtast í kjördeild vegna þess að kjósandi kaus á kjörfundi eftir að hafa kosið utan kjörfundar eða vegna þess að kjósandi kaus oftar en einu sinni utan kjörfundar. Þau fara í umslag hjá undirkjörstjórn og fjöldi þeirra færist í reit J á uppgjörsblaði undirkjörstjórna.

Ógild utankjörfundaratkvæði. Utankjörfundaratkvæði þar sem galli finnst á fylgiseðli eftir yfirferð yfirkjörstjórnar eða hverfiskjörstjórnar. Þau eiga að berast til yfirkjörstjórnar að kjörfundi loknum. Þau færast ekki á uppgjörsblað en bókað er um þau í gerðabók.

1.3. KJÖRSTJÓRNIR

Í kosningum starfa undir- og hverfiskjörstjórnir auk yfirkjörstjórna. Hver þeirra hefur þetta hlutverk í einfaldaðri mynd:

Undirkjörstjórn starfar í kjördeild. Þar sitja þrír einstaklingar sem taka á móti kjósendum, merkja við þá, afhenda kjörseðla og halda bókhald yfir kjörsóknina.

Oddviti er annað orð yfir formann kjörstjórnar. Hann hefur það hlutverk að leiða vinnu hennar og skera úr um álitafni sem upp kunna að koma. Hann hefur einnig orð fyrir kjörstjórninni og svarar spurningum kjósenda.

Tilsjónarmaður er sá fulltrúi í undirkjörstjórn sem hefur það hlutverk að stýra fjölda kjósenda í kjördeild, fylgjast með að atkvæði skili sér í kjörkassa og að allt fari vel fram. Gott er að skiptast á að sinna þessu hlutverki.

Hverfiskjörstjórn starfar á kjörstað. Hverfiskjörstjórn hefur umsjón með kjörstaðnum og tekur á vandamálum og vafaatriðum sem upp koma. Hverfiskjörstjórn er undirkjörstjórnnum innan handar með hvað það sem upp kemur og leysir einnig fulltrúa í undirkjörstjórnnum af þegar þarf. Oddviti hverfiskjörstjórnar hefur það hlutverk að leiða vinnu hennar og skera úr um álitafni sem upp kunna að koma.

Yfirkjörstjórnir eru kjörnar af Alþingi og af sveitarstjórn. Reykjavíkurborg er skipt í tvö kjördæmi, norður og suður. Yfir hvoru kjördæmi starfar yfirkjörstjórn, kjörin af Alþingi. Þessar yfirkjörstjórnir bera ábyrgð á framkvæmd talningar og tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Þessar yfirkjörstjórnir hafa aðsetur á talningarstað meðan á talningu stendur en í Ráðhúsi á kjördag. Borgarstjórn kys yfirkjörstjórn Reykjavíkur. Á kjördag hefur hún aðsetur í Ráðhúsi og ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna á kjördegi.

1.4. KJÖRSTAÐIR OG KJÖRDEILDIR

Reykjavíkurborg kjördæmi norður: 13 kjörstaðir, 43 kjördeildir

Kjörstaður	Kjördeildir
Álftamýrarskóli	2 kjördeildir
Borgaskóli	4 kjördeildir
Dalskóli	2 kjördeildir
Foldaskóli	5 kjördeildir
Höfðatorg	2 kjördeildir
Ingunnarskóli norður	1 kjördeild
Kjarvalsstaðir	4 kjördeildir
Klébergsskóli	1 kjördeild
Laugalækjarskóli	5 kjördeildir
Ráðhús Reykjavíkur	7 kjördeildir
Rimaskóli	3 kjördeildir
Vesturbæjarskóli	2 kjördeildir
Vogaskóli	5 kjördeildir

Reykjavíkurborg kjördæmi suður: 12 kjörstaðir, 40 kjördeildir

Kjörstaður	Kjördeildir
Árbæjarskóli	5 kjördeildir
Borgarbókasafn Kringlunni	2 kjördeildir
Breiðagerðisskóli	4 kjördeildir
Breiðholtsskóli	2 kjördeildir
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	5 kjördeildir
Fossvogsskóli	2 kjördeildir
Frotaskjól	3 kjördeildir
Hagaskóli	4 kjördeildir
Hlíðaskóli	3 kjördeildir
Ingunnarskóli suður	3 kjördeildir
Norðlingaskóli	2 kjördeildir
Seljaskóli	5 kjördeildir

1.5. HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

Reykjavíkurborgdæmi norður

Kjörstaður	Hverfiskjörstjórn	Netfang @reykjavik.is	Sími
Álftamýrarskóli	Guðjón Andri Jónsson Guðni Friðrik Oddsson Lára Björk Hördal	kosningar.alftamyrarskoli	6647725
Borgaskóli	Benedikt Skúlason Halldór Frímannsson Lilja Gunnarsdóttir Steinar Örn Steinarsson	kosningar.borgaskoli	6647741
Dalskóli	Drífa Baldursdóttir Ingigerður B. Írisar Ágústsd. Íris Davíðsdóttir	kosningar.dalskoli	6647792
Foldaskóli	Davor Purušić Heiða Sigurðardóttir Valgerður A. Einarsdóttir Valgerður María Purušić	kosningar.foldaskoli	6647735
Höfðatorg	Arnar Þór Þorsteinsson Birna Bragadóttir Ólafur Sólimann Helgason	kosningar.hofdatorg	6647738
Ingunnarskóli N	Inga María Leifsdóttir Regína Jóhanna Guðlaugsd. Sigrún María Steingrímsd. Tóttla I. Sæmundsdóttir	kosningar.ingunnarskoli	6647747
Kjarvalsstaðir	Ásbjörn Jónasson Fany Larota Catunta Salka Sól Styrmisdóttir	kosningar.kjarvalsstadir	6644524
Klébergsskóli	Ingibjörg Ragna Frostadóttir Kolbrún Hulda Edvardsdóttir Ragnheiður Ó. Steingrímsd. Sóldís Jóna Sigurðardóttir	kosningar.klebergsskoli	6647791
Laugalækjarskóli	Hugrún Ösp Reynisdóttir Ívar Karl Bjarnason Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir Ólafur Ingibergsson	kosningar.laugalaekjarskoli	6647746
Ráðhús Reykjavíkur	Albert Björn Lúðvígsson Benedikt Hjartarson Kristín Sverrisdóttir Theodóra Sigurðardóttir	kosningar.radhus.reykjavikur	6647726
Rimaskóli	Erna Eggertsdóttir Herdís Jóhannsdóttir Stefán Viðar Grétarsson	kosningar.rimaskoli	6647793
Vesturbæjarskóli	Brynhildur Bolladóttir Lilja Sigurbjörg Harðardóttir Ægir Freyr Birgisson.	kosningar.vesturbaejarskoli	6647728
Vogaskóli	Arndís A. K. Gunnarsdóttir Hanna Guðmundsdóttir Hannes Jónsson Sigrún Hlín Sigurðardóttir	kosningar.vogaskoli	6647737

Reykjavíkurborg

Kjörstaður	Hverfiskjörstjórn	Netfang @reykjavik.is	Sími
Árbæjarskóli	Jóhannes B. U. Tómasson Karlotta Kristjánsdóttir Sonja Wium Tinna Garðarsdóttir	kosningar.arbaejarskoli	6647743
Borgarbókasafn Kringlunni	Guttormur Þorsteinsson Kristjana Nanna Jónsdóttir Svava S. Steinarsdóttir	kosningar.bbs.kringlan	6647778
Breiðagerðisskóli	Bára Sigurjónsdóttir Birgitta Róbertsdóttir Hjördís Aðalheiðardóttir	kosningar.breidagerdisskoli	6647740
Breiðholtsskóli	Eva Dagmar Helgadóttir Óskar Torfi Þorvaldsson Una Sveinsdóttir	kosningar.breidholtsskoli	6647733
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Arnar Gíslason Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar Eyþóra Kristín Geirsdóttir Fríða Rós Valdimarsdóttir	kosningar.fb	6647745
Fossvogsskóli	Albína Hulda Pálsdóttir Karl Óskar Þráinsson Ólöf Sunna Jónsdóttir	kosningar.fossvogsskoli	6647436
Frostaskjól	Björg Árdís Kristjánsd. Daníel E. Arnarsson Guðmundur D. Jóhannsson Linda Björg Logadóttir	kosningar.frostaskjol	6647742
Hagaskóli	Ágúst Arnórsson Edda María Sveinsdóttir Guðmunda Pálmadóttir Margrét Adolfsdóttir	kosningar.hagaskoli	6647729
Hlíðaskóli	Erla G. Ingimundardóttir Guðbjörg Lára Másdóttir Helga Gunnarsdóttir Kristjana H. Ásbjörnsdóttir	kosningar.hlidaskoli	6647736
Ingunnarskóli S	Inga María Leifsdóttir Regína Jóhanna Guðlaugsd. Sigrún María Steingrímsd. Tóttla I. Sæmundsdóttir	kosningar.ingunnarskoli	6647747
Norðlingaskóli	Elísabet Pétursdóttir Kristrún Einarsdóttir Ragnhildur Ísaksdóttir	kosningar.nordlingaskoli	6647748
Seljaskóli	Bjartur Örn Bachmann Kristjana M. Jónsd. Hjörvar Natalía Líf Laxdal Páll Sólmundur H. Eydal	kosningar.seljaskoli	6644525

2. LEIÐBEININGAR

2.1. LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.1. GÖGN UNDIRKJÖRSTJÓRNAR

Að morgni kjördags eru hverri undirkjörstjórn afhentir tveir plastkassar, annar merktur *kjörgögn* og hinn merktur *atkvæðabréf*, auk kjörkassa og atkvæðaseðla. Í kassanum merktur *kjörgögn* eru eftirfarandi gögn:

Eyðublöð

Fundargerð
Þrikablið, innan og utan kjörfundar, þrjú eintök
Staðfesting fyrir aðstoðarmann kjósanda

Umslög

Tvö eins umslög sem þið merkið í reiti framan á:
1. Ónýtir seðlar: kjörfundaratkvæði (sjá kafla 2.1.12.) – reitur D
2. Ónýtir seðlar: atkvæði utan kjörfundar – reitur J

Bækur

Tvö eintök af kjörskránni (kjördeildabækur)
Kosningahandbók (kosningalög og reglugerðir)
Kosningakver Reykjavíkurborgar

Annað

Innsiglislímmiðar – þrjú stykki
Kjörkassi og kjörseðlar
Pennaveski með ritföngum
Blýantabúnt og reglustikur
Minnisblokk
Handspritt
Vasareiknir
Barmmerki
Stækkunargler

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.2. KJÖRDAGUR

Velkomin til starfa!

- Þið eruð andlit kosninganna gagnvart kjósendum. Takið vel á móti kjósendum og verið snyrtileg til fara.
- Vaktin er löng og það er mikilvægt að þið hafið allt meðferðis að morgni sem ykkur gæti vantað yfir daginn og verið endilega í þægilegum skóm. Það er boðið upp á mat og kaffi allan daginn og við reynum að taka tillit til allra sérþarfa og óska en eins og fólk á sérstöku mataræði þekkir getur alltaf eitthvað farið úrskeiðis og því kjósa mörg að hafa með sér nesti til öryggis.
- Starfið ykkar er þjónustustarf. Kosningarétturinn er gríðarlega mikilvægur og við leggjum alla áherslu á að kjósendur geti nýtt sér hann. Leggið ykkur alltaf fram um að veita framúrskarandi þjónustu og sýna kjósendum fyllstu kurteisi og virðingu, líka þegar upp koma erfiðar aðstæður.
- Ekki nota tóbak, veip, nikótínþúða eða síma/spjaldtölvu í kjördeildinni eða annað slíkt. Ekki bera sterk ilmvötn eða önnur ilmefti í vinnuna, hafið í huga að þið þurfið að vinna náíð með fólki sem þið þekkið ekki og fólk er misviðkvæmt fyrir slíkum ilfum. Ekki hafa mat eða drykk uppi við inni í kjördeildinni. Þið fáið nóg af pásam yfir daginn til að sinna persónulegum erindum. Haldið kjördeildinni snyrtilegri.
- Lýðræðislega ferlið sem þið eruð að vinna að stendur og fellur með því að kjósendur treysti framkvæmdinni. Þess vegna skiptir hlutleysi ykkar öllu máli. Helsta forsenda þess að hægt sé að halda kosningar er að kjósendur skynji að framkvæmdin sé fagleg. Þið megið því ekkert gera eða segja sem getur gefið til kynna að þið sjálf eða aðrir aðhyllist einn valkost umfram annan.
- Af sömu ástæðum er mikilvægt að þið skiljið og virðið að þið eruð bundin þagnarskyldu um allt sem þið verðið áskynja yfir daginn. Þið hafið ekki leyfi til að ræða það við aðra hver kom að kjósa né annað sem fer fram í kjördeildinni og enn síður hvað þau kusu ef þið hafið aðstoðað kjósanda.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.3. UNDIRBÚNINGUR Í KJÖRDEILD

1. Kjósið ykkur oddvita sem þið treystið, það er gjarnan sú manneskja sem hefur mesta reynslu af störfum í kjörstjórn. Oddviti hefur það hlutverk að leiða starfið ykkar. Hann hefur jafnframt orð fyrir kjörstjórninni, svarar spurningum kjósenda og sker úr um vafamál sem upp koma.
2. Veljið tilsjónarmann sem hefur það hlutverk að stýra umferð inn í kjördeildina, fylgjast með að atkvæði skili sér í kassa og gæta þess að allt fari skipulega fram. Það er sjálfsagt að skiptast á að sinna þessu hlutverki yfir daginn.
3. Hverfiskjörstjórn kemur inn í kjördeild og vottar, ásamt ykkur, að kassinn sé tómur og innsiglar kassann með innsiglisböndum sem fylgdu með gögnum ykkar. Hverfiskjörstjórn bókar númerin á innsiglisböndunum í sína gerðabók.
4. Komið ykkur fyrir í kjördeildinni. Oddviti undirkjörstjórnar situr fyrir miðju með atkvæðaseðlana og prikablað. Mynd af því finnið þið í kafla 2.1.7. Sitt hvorumegin við hann sitja kjörstjórnarfulltrúar, báðir með prikablöð. Tilsjónarmaður situr nálægt inngangi í kjördeildina.
5. Skriðið í fundargerð heildarfjölda móttækinna kjörseðla (öll búntin í kassanum).
6. Teljið seðla úr fyrsta búntinu. Í hverju búnti eiga að vera 100 kjörseðlar, ef þetta reynist ekki rétt skuluð þið bóka um það í fundargerðina ykkar. Skiptið þeim í 10 seðla bunka. Þetta skuluð þið gera með öll búnt sem þið opnið yfir daginn. Athugið að sumum finnst betra að hafa bara fimm seðla í hverjum bunka. Það er í góðu lagi.
7. **ATHUGIÐ NÝTT VERKLAG:** Opnið kjördeildabækurnar. Í þeim eru laus blöð, bæði fremst og aftast. Fremst er blað með nöfnum þeirra sem hafa látist eftir að kjörskráin var prentuð. Finnið þessa kjósendur í báðum bókum og strikið yfir línurnar. Aftast í kjördeildabókum er blað með viðbótum á kjörskrá. Í sumum kjördeildum hafa bæst við nöfn kjósenda sem eru forskráð á blaðið. Þið merkið við þá kjósendur ef þeir greiða atkvæði með sama hætti og alla aðra. Þar fyrir neðan eigið þið að bæta við kjósendum sem afsala sér kosningarétti annars staðar og kjósa hjá ykkur í báðar bækur. Þið merkið einnig við þá kjósendur eins og alla aðra.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.4. VERKLAG Í KJÖRDEILD

Kosning hefst kl. 9:00. Þá hafið þið þegar strikað yfir nöfn þeirra kjósenda sem látist hafa frá prentun kjörskrár, sjá 7. lið á bls. 12. Þegar kjósandi kemur í kjördeildina spyrjið þið um heimilisfang. Kjósandi framvísar skilríkjum og oddviti les upp nafn viðkomandi. Kjósenda er flett upp í báðum kjördeildabókum og merkt í viðeigandi dálk í samræmi við kynskráningu þeirra í fyrsta dálki í kjörskránni. Ef kjósandi finnst ekki á kjörskrá er fyrsta skref að athuga hvort hann er á lausa blaðinu sem er aftast í bókunum. Ef hann er ekki þar vísið þið honum til hverfiskjörstjórnar.

Merkingar eru svona:

- X** fyrir karla, kynskráning 1 í kjördeildabókum, í dálkinn Ka
- O** fyrir konur, kynskráning 2 í kjördeildabókum, í dálkinn Ko
- Θ** fyrir kynsegin/annað, kynskráning 7 í kjördeildabókum, í dálkinn Hlk
- U** fyrir utankjörfundaratkvæði í viðeigandi dálk

Dæmi um rétta útfyllingu kjördeildabóka:

Kyn	Hlk: Hlutlaus kynskráning Ka: Karlar Ko: Konur	Kennitala	Erl	Ka	Ko	Hlk	Athugasemdir	Raðnúmer
1	Ari Arason	111111-1119		X				99996
2	Lára Lárudóttir	121212-1219			O			99997
7	Kristín Kristínardóttir	131313-1319				Θ		99998
2	Gerður Gerðardóttir	141414-1419			U			99999

Í kjördeildabókunum er dálkur merktur Erl. Ekki hafa áhyggjur af honum, þið þurfið ekki að nota hann.

Ekki vísa kjósenda frá þrátt fyrir að hann finnst ekki á kjörskrá, vísið honum til hverfiskjörstjórnar.

Oddviti réttir síðan kjósendanum kjörseðil og allir þrír kjörstjórnarmenn merkja inn á prikablaðið sitt eitt prik á viðeigandi stað, eftir því hver kynskráningin er. Dæmi finnið þið í kafla 2.1.7. Kjósandi fer alltaf einn inn í kjörklefann, nema hann hafi óskað eftir aðstoð, sjá kafla 2.1.10. Tilsjónarmanneskja og annað kjörstjórnarfólk skal einnig fylgjast með því að kjósandi setji seðilinn í kassann.

Í hvert sinn sem 10 eða fimm kjörseðla bunki klárast skal farið yfir hvort fjöldi á öllum þremur prikablöðum sé eins. Þetta köllum við afstemmingu. Athuga þarf hvort fjöldi kjósenda og kynjaskipting sé eins. Mörg vilja gera þessa villuleit mun tíðar, t.d. eftir hvern kjósenda eða eftir hverja fimm kjósendur. Það er alls ekki verra, við hvetjum ykkur til að finna það verklag sem hentar ykkur best. En aldrei leyfa fleiri en 10 seðlum að klárast án þess að þið berið saman bækur ykkar.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

Ef þið finnið ósamræmi þurfið þið að stöðva kosningu og loka kjördeildinni þangað til ástæða þess hefur verið fundin. Líklegustu ástæður ósamræmis eru að:

- gleymst hafi að merkja kjósanda inn á blaðið
- merkingu sé ofaukið
- gleymst hafi að taka tillit til afsals kosningaréttar (kafla 2.1.11)
- merkt hafi verið við rangt kyn

Ef tvö ykkar eru sammála og þær tölur stemma við seðlafjöldann, þá bætið þið bara úr því sem upp á vantar. Ef villuleitin reynist flóknari eða gengur hægt skuluð þið kalla til hverfiskjörstjórn til aðstoðar. Hverfiskjörstjórn er alltaf tilbúin að hjálpa ef upp koma vandamál sem ekki tekst að leysa úr. Verið óhrædd við að láta vita og leita aðstoðar. Komi upp villur er auðveldara að finna þær strax. Þessi stöðugi samanburður yfir daginn tryggir að villur finnist jafnóðum og frágangur um kvöldið taki stutta stund. Frekari leiðbeiningar um villuleit má finna í skýringum við fundargerð undirkjörstjórnar, aftast í fundargerðinni.

Þið skiptist á að fara í mat og kaffi yfir daginn. Tilsjónarmanneskja, afleysingafólk og hverfiskjörstjórn er til staðar til að leysa ykkur af á meðan. Gætið þess að á hverjum tíma séu þrjú ykkar við borðið.

2.1.5. AÐ GREIÐA ATKVÆÐI OG BREYTA SÆDLI

Kjósandi greiðir atkvæði með því að merkja X í fering fyrir framan þann valkost sem hann vill kjósa. Kjósandi getur skilað auðu með því að merkja ekki við valkost. Kjósandi ógildir atkvæði sitt ef hann auðkennir seðilinn með slíkum hætti að auðvelt sé að þekkja hann aftur. Þetta gildir um hverskyns tákn, hjörtu, stjörnur eða ritað mál.

Áður en seðillinn fer í kassann má kjósandi alltaf afhenda ykkur hann og fá nýjan, sjá kafla 2.1.12.

2.1.6. SKILRÍKI

Kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa skilríkjum. Skilríki með mynd og kennitölu teljast fullgild, þar með talin debetkort og dvalarleyfiskort. Ef kjósandi er skilríkjalaus, biðjið hann að skrá sig inn á Ísland.is í símanum sínum. Kjósandi getur jafnframt framvísað ökuskírteini í Ísland.is appinu. Ökuskírteini í veskisöppum snjallsíma eru ekki tekin gild. Athugið að vegabréf og ökuréttindi þurfa ekki að vera í gildi til að teljast fullgild skilríki.

Komi upp vandamál í kjördeildinni vegna þess að kjósandi getur ekki sýnt fram á hver hann er eigið þið að kalla hverfiskjörstjórn strax til.

Aldrei vísa kjósanda frá, leitið til hverfiskjörstjórnar.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.7. PRIKABLAÐ

Karlar (1)																			
5	10	15	20	25	30	35	40	45	50	55	60	65	70	75	80	85	90	95	100
																			100
																			200
																			300
																			400
																			500
																			600

Konur (2)																			
5	10	15	20	25	30	35	40	45	50	55	60	65	70	75	80	85	90	95	100
																			100
																			200
																			300
																			400
																			500
																			600

Kynsegin/annað (7)																			
5	10	15	20	25	30	35	40	45	50	55	60	65	70	75	80	85	90	95	100
																			100
																			200
																			300
																			400
																			500
																			600

Prikablöð eru notuð til að telja kjósendur jafnóðum. Oddviti undirkjörstjórnar og þau tvö sem með honum sitja merkja öll við kjósendur á prikablöðin með einu priki í viðeigandi reit fyrir hvern kjósanda. Í hvern reit fara fimm prik:

5	10

Prikablaðið er tvískipt; utankjörfundaratkvæðin eru á sérstöku blaði. Inn á það blað færast sá fjöldi utankjörfundaratkvæða sem berst til ykkar. Þið eigið bara að merkja inn á prikablaðið **atkvæði sem fara í kassa**. Ónýt utankjörfundaratkvæði **færast ekki inn á prikablaðið**. Það er að segja: ef kjósandi kemur á kjörstað og ónýtir þar með utankjörfundaratkvæði sitt er aðeins merkt við hann á prikablað fyrir kjörfundaratkvæði en ekki á prikablað fyrir utankjörfundaratkvæði. Sjá nánari leiðbeiningar í kafla 2.1.13. Merkingar á prikablaði eiga alltaf að stemma við merkingar í kjördeildabókum.

Á heila tímanum er kjörsókn tekin saman og færð inn hér:

YFIRLIT YFIR KJÖRSÓKN													
KLUKKAN	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
ATKVÆÐI													
%													

ATH: STEMMA AF EFTIR HVER 10 ATKVÆÐI

STÖÐVIÐ STRAX KOSNINGU EF EKKI STEMMIR

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.8. INNSIGLI

Kjörkassar eru innsiglaðir með böndum á fjórum hliðum að morgni af fulltrúa hverfiskjörstjórnar. Um heimildir umboðsmanna til að innsigla getið þið lesið í kafla 2.2.5. Rauf kjörkassans er auk þess lokað með innsiglisbandi af fulltrúa hverfiskjörstjórnar rétt áður en hann er fluttur og nýr kjörkassi er tekinn í notkun. Eftir lok kjörfundar innsiglið þið með innsiglislímmiðum **umslag með ónýtum utankjörfundaratkvæðum, umslag með ónýtum kjörfundaratkvæðum og pappakassa með afgangsseðlum**. Límið fylgimiða innsigla fyrir þessi umslög og pappakassann á viðeigandi staði í fundargerðinni ykkar. Ef þið hafið engin ónýt atkvæði er algjör óþarfi að innsigla umslögin.

Ekki innsigla nein önnur gögn.

Þið fáið afhent þrjú innsigli sem duga nákvæmlega fyrir ofangreindu. Ef innsigli er eyðilagt eða það ranglega notað getur hverfiskjörstjórn látið ykkur hafa nýtt.

Nánari leiðbeiningar með myndum fá finna í kafla 2.1.18.

2.1.9. SKIPTI Á KJÖRKÖSSUM

Um kl. 17:00 verður skipt um kjörkassa. Hverfiskjörstjórn kemur til ykkar og þið stöðvið kosninguna. Hún afhendir ykkur tóman kassa og gamli kassinn er innsiglaður samkvæmt leiðbeiningum í kafla 2.1.8. Látið hverfiskjörstjórn vita með fyrirvara ef þið hafið áhyggjur af því að kassinn sé að fyllast.

Pegar skipt er um kjörkassa eigið þið að taka saman af prikablöðunum ykkar hversu margir hafa þá kosið og upplýsa hverfiskjörstjórn um töluna. Bókið tölurnar í fundargerðina.

Þetta þjónar þeim tilgangi að upplýsa um hversu margir seðlar eru í kassanum. Þannig að þegar þið gerið þetta aftur eftir lok kjörfundar, þá þarf að fylla út fjölda atkvæða bæði innan og utan kjörfundar. **Sú tala á að vera fjöldi atkvæða sem er í kassanum**, þ.e. sem greidd hafa verið frá því að seinni kassinn var tekinn í notkun.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.10. AÐSTOÐ VIÐ KOSNINGU

Allir kjósendur eiga rétt á aðstoð við kosninguna og þurfa aldrei að greina frá því hvers vegna þeir óska eftir aðstoð. Ykkur er óheimilt að kalla eftir slíkum skýringum. Kjósandi getur komið með eigin aðstoðarmann eða fengið aðstoð frá kjörstjórnarfólki. Þið bókið um þessa kjósendur í fundargerð.

Við alla framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu sýnið þið kjósanda þá nærgætni, lipurð og virðingu sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.

Aðstoðarmaður sem kjósandi óskar sjálfur eftir má ekki aðstoða fleiri en þrjá kjósendur við sömu kosningar. Þetta gildir ekki um ykkur, þið megið veita aðstoð eins mörgum kjósendum og þess óska. Aðstoðarmaður kjósanda skal hafa náð 18 ára aldri.

Þegar kjósandi óskar eftir aðstoð farið þið eftir þessum skrefum:

1. Flettið kjósanda upp í kjörskrá eins og öllum öðrum kjósendum
2. Merkið við í kjörskrá og á prikablað
3. Stöðvið umferð um kjördeildina meðan aðstoð er veitt
4. Kannið hvort kjósandi vill aðstoð ykkar eða eigin aðstoðarmanns
5. Kjósandi greiðir atkvæði með aðstoð ykkar eða eigin aðstoðarmanns
6. Aðstoðarmaður framvísar skilríkjum og fyllir út eyðublaðið „staðfesting aðstoðarmanns kjósanda“. **Athugið að þetta gildir ekki um ykkur, þið þurfið ekki að fylla út eyðublaðið. Einungis eigin aðstoðarmaður kjósandans.**
7. Þið bókið um aðstoðina með því að fylla út þennan hluta fundargerðarinnar – **það er mikilvægt að þetta gleymist ekki:**

Nr. kjósanda:		
① Kyn:	→	② hlaut aðstoð → ③ ef eigin aðstoðarmaður
☐ KK		☐ kjörstjórnarmanns
☐ KVK		☐ eigin aðstoðarmanns
☐ Kynsegin/annað		Nafn:
		Kennitala:

Ef þessi hluti fundargerðarinnar fyllist getur hverfiskjörstjórn útvegað ykkur aukaeintak. Þið geymið það **með fundargerðinni**. Ef aðstoðarmaður uppfyllir ekki skilyrðin sem koma fram hér að ofan eða ef kjósandi vill aðstoð frá ykkur en getur ekki greint frá því hvað hann vill kjósa eigið þið að vísa kjósanda og eftir atvikum aðstoðarmanni hans til hverfiskjörstjórnar. Útfylltum eyðublaðum aðstoðarmanna safnið þið saman og geymið með öðrum gögnum.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.11. AFSAL KOSNINGARÉTTAR Í KJÖRDEILD

Ef kjósandi kemur í kjördeild og óskar eftir að kjósa á öðrum stað, þá eigið það að vísa honum til hverfiskjörstjórnar. Ef hverfiskjörstjórn kemur í kjördeildina ykkar til að láta vita að kjósandi hafi afsalað sér kosningarétti hjá ykkur, skrifið það athugasemd **fyrir aftan nafnið** í kjördeildabækur samkvæmt fyrirmælum hverfiskjörstjórnar. Kristín hér að neðan er á kjörskrá hjá ykkur en hán hefur ákveðið að kjósa í Hagaskóla:

Kyn	Hlk: Hlutlaus kynskráning Ka: Karlar Ko: Konur	Kennitala	Erl	Ka	Ko	Hlk	Athugasemdir	Raðnúmer
1	Ari Arason	111111-1119		X				99996
2	Lára Lárudóttir	121212-1219			O			99997
7	Kristín Kristínardóttir	131313-1319					Kýs í Hagaskóla	99998
2	Gerður Gerðardóttir	141414-1419			U			99999

Ekkert annað er gert. Ekki merkja við kjósandann að nokkru öðru leyti, hvorki í kjörskrá né á prikablöð. Þetta er mjög mikilvægt.

Ef kjósandi hefur afsalað sér kosningarétti annarsstaðar og kys hjá ykkur, þá færir einhver úr hverfiskjörstjórn ykkur yfirlýsingu kjósanda sem það geymið í plastkassanum með öðrum útfylltum eyðublöðum. **Þeim kjósanda bætið það inn á blöðin aftast í báðum kjördeildabókum og merkið við hann á prikablöðum.**

Hafið í huga að afsal kosningaréttar er aðeins heimilt innan sama kjördæmis. Hagaskóli er til dæmis í Reykjavíkurborg kjördæmi suður og því getur kjósandi sem er á kjörskrá í Ráðhúsinu, eða á öðrum kjörstað í Reykjavíkurborg kjördæmi norður, ekki greitt atkvæði í Hagaskóla. Lista yfir kjörstaði eftir kjördæmum finnið það frammar í þessu kveri.

2.1.12. ÓNÝTIR KJÖRSEÐLAR

Ef kjósandi eyðileggur kjörseðil, sýnir hvernig hann hefur kosið eða hreinlega óskar eftir því á hann rétt á að fá nýjan seðil og sá ónýti er settur í umslag. Utan á umslagið merkið það við „Ónýtir kjörseðlar“. Ef kjósandi hefur kosið utan kjörfundar og kemur og kys á kjörfundi, þá er utankjörfundaratkvæðið hans ónýtt og fer í annað umslag þar sem það merkið við „Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina“. Kjósandi sem mætir á kjörstað má fá utankjörfundaratkvæðið sitt afhent og taka það með sér.

2.1.13. UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI

Undirkjörstjórnir fá afhent yfirfarin utankjörfundaratkvæði um morguninn frá hverfiskjörstjórn í plastkassa merktum *atkvæðabréf*. Yfir daginn mun hverfiskjörstjórn koma með fleiri yfirfarin atkvæði til ykkar. Ytri umslögin eru opin. Aftan á umslaginu er

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

nafn og heimilisfang kjósandans. Auk þess er á umslaginu stimpill yfirkjörstjórnar eða áritun hverfiskjörstjórnar, sem merkir að fylgiseðillinn hafi verið yfirfarinn. Þið berið upplýsingar um kjósanda saman við kjörskrá og merkið við kjósanda í viðeigandi dálk með bókstafnum U í samræmi við kafla 2.1.4. Svo merkið þið kjósendurna inn á prikablöð fyrir atkvæði utan kjörfundar.

EKKI SKILJA AÐ INNRA OG YTRA UMSLAG EÐA SETJA ATKVÆÐI Í KJÖRKASSANN FYRR EN EFTIR AÐ KJÖRFUNDI ER SLITIÐ.

Mikilvægt er að byrja þessa vinnu snemma og vinna hana hægt og rólega yfir daginn til að flýta fyrir uppgjöri að kjörfundi loknum. Ytra umslagið er opið þegar það berst ykkur. Gætið þess að opna aldrei litla umslagið og aldrei aðskilja fylgibréf, ytra umslag og innra umslag fyrr en að kjörfundi loknum.

Ef einhver atkvæðisbréf sem ykkur hafa verið afhent og eru yfirfarin (semsagt með stimpli eða áritun hverfiskjörstjórnar) og eiga ekki heima í ykkar kjördeild, skilið þeim til hverfiskjörstjórnar. Þið þurfið ekki að halda bókhald yfir fjölda þeirra og þið merkið þau ekki á prikablöðin.

Ef ykkur berast utankjörfundaratkvæði með öðrum hætti, t.d. ef kjósandi kemur með atkvæðisbréf, vísið kjósendanum til hverfiskjörstjórnar með atkvæðin, óháð því hvort þau eiga heima í ykkar kjördeild eða ekki.

Ef fleiri en eitt utankjörfundaratkvæði berast frá sama kjósenda skal atkvæðið með nýjustu dagsetningu gilda. Tímasetninguna sjáið þið á fylgiseðlinum sem er inni í ytra umslaginu. Eldri atkvæði eru sett í umslag þar sem þið merkið við „Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina“.

Ef kjósandi sem áður hefur greitt atkvæði utan kjörfundar kemur til ykkar og vill greiða atkvæði eigið þið að merkja utankjörfundaratkvæði hans ónýtt með því að skrifa aftan á sendiumslagið („ónýtt því kjósandi kaus á kjörfundi“) og setja það í umslag merkt „Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina.“ Strokið út U-merkið í kjörskránni og skrifið athugasemd um þetta í fundargerðina ykkar. Leiðréttið einnig prikablöðin ykkar. Þessi kjósandi á rétt á að fá utankjörfundaratkvæði sitt afhent ef hann vill.

Eftir kl. 22:00, þegar kjörfundi hefur verið slitið, eigið þið að fara yfir utankjörfundaratkvæðin og fullvissa ykkur um að allt stemmi. Að því loknu takið þið litlu umslögin úr stóru umslögunum og teljið þau litlu.

Fjöldann skrifið þið hjá ykkur og tilkynnið hverfiskjörstjórn við uppgjör. Svo setjið þið litlu umslögin **óopnuð** í kjörkassann. Tómu stóru umslögin eru sett aftur í plastkassann merktan *atkvæðabréf*, þann sama og þau komu í, og fylgja gögnum undirkjörstjórnar til hverfiskjörstjórnar.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.14. KOSNINGASPJÖLL

Tilkynnið hverfiskjörstjórn strax um kosningaspjöll, s.s. ef kjósandi gerir tilraun til að yfirgefa kjörstað án þess að skila kjörseðli eða spilla kosningunni á annan hátt. Engum sem getur greint frá því hvernig kjósandi kys er heimilt að fara með kjósendum inn í kjörklefa nema viðkomandi sé að veita kjósandanum aðstoð. Athugið einnig að allar myndatökur eru bannaðar **inni í kjördeildum**, þar sem þið sitjið og takið á móti kjósendum. Myndataka má aðeins fara fram fyrir utan kjördeildina þótt beina megi myndavélum inn í hana. Þetta gildir líka um fjölmiðla. Í kafla 2.1.15. og fundarreglum yfirkjörstjórnar er farið nánar í þær reglur sem gilda um myndatökur.

2.1.15. VIÐBRÖGÐ VIÐ ERFIÐUM AÐSTÆÐUM

Á kjördag geta alltaf komið upp erfiðar aðstæður. Hér að neðan verður farið yfir þau vandamál sem líklegast er að komi upp í starfi ykkar yfir daginn og hvernig þið eigið að bregðast við þeim.

1. Misræmi í afstemmingu

Þið hefjið starfið alltaf á að telja kjörseðlana sem ykkur berast. Þið fáið 1000 seðla afhenta. Í hverju búnti eiga að vera 100 kjörseðlar. Þið byrjið á því að telja 100 seðla og skipta þeim í 10 seðla bunka. Ef þið rekið ykkur á að það eru ekki nákvæmlega 100 seðlar í búntinu ykkar þarf það að koma fram í uppgjörinu.

Kjósendur eru merktir inn á prikablöðin, sjá kafla 2.1.7. Eftir hverja 10 kjósendur (þ.e. þegar hver 10 seðla bunki klárast) eigið þið að bera saman prikablöðin ykkar og kanna hvort fjöldi kjósenda og kynjaskipting sé eins á öllum prikablöðum. Ef þið finnið ósamræmi þarf að stöðva kosningu og leita að villunni. Oddviti stýrir þeirri leit og ef hún ber ekki árangur leitið þið til hverfiskjörstjórnar. Þið megið gera þetta mun oftár (t.d. eftir hvern kjósanda eða hverja fimm) en alls ekki sjaldnar.

2. Ósáttur kjósandi

Ef kjósandi er ósáttur við ykkur, aðbúnaðinn, kjörstaðinn, kjörskrána, kosninguna sjálfa eða hvað annað sem upp kann að koma, er mikilvægt að þið gerið allt sem þið getið til að stuðla að rólegu andrúmslofti og reyna að leysa málið. Hafið í huga að starfið er þjónustustarf og gætið þess að sýna kjósendum aldrei ókurteisi.

- Hlustið á kjósandann
- Reynið að skilja hvert vandamálið er
- Leitið lausna

Vísið annars kjósenda á næsta yfirmann ykkar. Undirkjörstjórn getur vísað til hverfiskjörstjórnar og ef hverfiskjörstjórn getur ekki leyst málið leitar hún til símavers sem kallar til yfirkjörstjórn ef nauðsynlegt reynist.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

3. Kjósandi finnst ekki á kjörskrá

Ef þið eruð sammála um að kjósandi finnst ekki í bókunum ykkar skuluð þið byrja á því að kanna hvort hann er á lausa blaðinu aftast í bókunum. Því næst spyrjið þið hvort hann hafi flutt nýlega, hvort hann eigi mögulega lögheimili erlendis eða hvort honum detti eitthvað annað í hug sem geti skýrt að hann finnst ekki í ykkar bókum. Ef engar skýringar finnast eigið þið að vísa kjósandanum til hverfiskjörstjórnar sem leysir úr málinu í samráði við símaver. **Þið megið aldrei vísa kjósanda frá kjörstað eða segja honum að hann geti ekki greitt atkvæði.** Ef kjósandi á að vera á kjörskrá en er það ekki, á hann oft möguleika á að fá úr því bætt.

4. Samstarfið gengur ekki vel

Oft gerist það eftir kjördag að það berast ábendingar frá starfsfólki um að samstarfið í kjördeildinni hafi gengið illa. Kannski að oddvitinn hafi ekki vandað vinnubrögðin sín eða einhver hafi sýnt kjósendum dónaskap. Ef samstarfið gengur illa eða þið verðið vör við hegðun eða atvik sem þið teljið að þurfi að bregðast við skuluð þið hiklaust snúa ykkur til hverfiskjörstjórnar. Það er nóg að tala við einn úr hverfiskjörstjórn og þið getið óskað eftir að trúnaður ríki um samtalið. Svona aðstæður, fyrir utan að valda vanlíðan, auka hættuna á því að upp komi villur og misræmi og því er mikilvægt að bregðast við sem fyrst.

5. Eitthvað bilar eða vantar

Ef ykkur vantar gögn eða eitthvað bilar skuluð þið gera það sem þið getið til að laga það. Ef það gengur ekki eigið þið að leita til hverfiskjörstjórnar. Hún hefur auðvelding af öllu sem þið þurfið að nota. Ef hún hefur þau ekki kann hún leiðir til að nálgast það.

6. Myndatökur, umboðsmenn og fjölmiðlar

Umboðsmenn framboða gegna mikilvægu hlutverki við eftirlit með framkvæmd kosninganna. Þeim ber að fylgjast með því sem fram fer yfir daginn og miklu máli skiptir að samskipti við þá einkennist af kurteisi og gagnkvæmri virðingu. Í þessum kosningum skipar landskjörstjórn tvo umboðsmenn í hverju kjördæmi, annan til að gæta hagsmuna þeirra sem vilja segja já og hinn þeirra sem vilja segja nei. Allir umboðsmenn og aðstoðarfólk þeirra eiga að bera sérstök skírteini útgefin af yfirkjörstjórn. Aðstoðarfólkið hefur að öllu leyti sömu réttindi og skyldur og umboðsmenn. Skírteinin geta aðeins litið svona út:



LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

Hafi umboðsmaður eða aðstoðarmaður ekki þessi skírteini meðferðis ber ykkur að vísa honum til hverfiskjörstjórnar. Umboðsmenn og aðstoðarmenn hafa heimild til að setja sín eigin innsigli á allt sem þið innsiglið. Þeir hafa einnig leyfi til að setja innsigli sín á kjörkassa við upphaf kjörfundar, flutning kjörkassa og eftir lok kjörfundar og þeir hafa heimild til að taka myndir af kjörkössum og innsiglium **en þó aðeins fyrir utan kjördeildina, við flutning eða eftir lokun.** Sama gildir um **fjölmiðla** sem vilja mynda frambjóðendur við kosningu, þeim er heimilt að standa fyrir utan kjördeild og beina myndavél inn meðan frambjóðandi greiðir atkvæði. Gæta þarf þess að aðrir kjósendur séu ekki inn í kjördeildinni þegar slík myndataka fer fram. Engar myndatökur eru leyfilegar inni í sjálfri kjördeildinni og þurfa myndatökumenn að standa fyrir utan hana. Hverfiskjörstjórn getur aðstoðað við að skýra þetta út ef á þarf að halda.

7. Áróður á kjörstað

Kosningaráróður á kjörstað er óheimill samkvæmt lögum. Það þýðir meðal annars að kjósandi má ekki bera merkingu tiltekins valkosts, t.d. barmmerki. Ef þið verðið vitni að slíku eigið þið umsvifalaust að biðja kjósandann að fjarlægja merkinguna og útskýra fyrir honum að það sé ekki heimilt að auglýsa framboð eða valkost á kjörstað, (sjá 1. mgr. 81. gr. kosningalaga í handbókinni ykkar). Ef kosningaauglýsingar sjást frá kjörstaðnum eigið þið að láta hverfiskjörstjórn vita. Þið eigið ekki að leggja mat á skilaboð sem þið gætuð upplifað sem pólitísk ef þau tengjast ekki beint valkostunum í þessari atkvæðagreiðslu.

8. Annað

Ef þið hafið einhverjar aðrar umkvartanir eða eitthvað er að sem þið treystið ykkur ekki til að bæta úr, t.d. ef það koma upp veikindi, þá leitið þið strax til hverfiskjörstjórnar. Hún er til staðar fyrir ykkur allan daginn og á að aðstoða ykkur við að leysa úr vandamálum.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

2.1.16. UPPGJÖR

Hér er dæmi um uppgjör í kjördeild að lokinni kosningu. Uppgjörsblaðið finnið þið í fundargerðinni ykkar.

KJÖRFUNDARATKVÆÐI - FOLDASKÓLI - 1. KJÖRDEILD				
A	Móttæknir atkvæðaseðlar			1000
B1	Kjölfundaratkvæði sett í kassa	Karlar	344	
B2		Konur	333	
B3		Kynsegin/ annað	3	
C	Samtals kjölfundaratkvæði í kassa			680
D	Ónýtir seðlar í umslag			1
E	Afgangsseðlar			319
F	Samtals kjölfundaratkvæði			1000
				C+D+E

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI - FOLDASKÓLI - 1. KJÖRDEILD				
G	Utankjölfundaratkvæði í lok kjölfundar			173
H1	Utankjölfundaratkvæði sett í kassa	Karlar	80	
H2		Konur	89	
H3		Kynsegin/ annað	0	
I	Samtals utankjölfundaratkvæði í kjörkassa í lok kjölfundar			169
J	Ónýt/eyðilögð utankjölfundaratkvæði			4
L	Samtals utankjölfundaratkvæði			173
				I+J

GREIDD ATKVÆÐI SEND TIL HVERFISKJÖRSTJÓRNAR			
M	Samtals atkvæði	849	C+I

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

Útskýringar á einstökum reitum

Bókstafur	Heiti	Útskýring
A	Móttæknir atkvæðaseðlar	Heildarfjöldi atkvæðaseðla sem voru í kjördeildinni við upphaf kjörfundar.
B1, B2, B3	Kjörfundaratkvæði sett í kassa	Fjöldi kjósenda sem setti kjörfundaratkvæðaseðil í kjörkassa á kjörfundi.
C	Samtals kjörfundaratkvæði í kassa	Samtala reita B1, B2 og B3.
D	Ónýtir seðlar í umslag	Fjöldi seðla sem ónýttust á kjörfundinum og fara í sérstakt umslag. Sjá kafla 2.1.12.
E	Afgangsseðlar	Fjöldi ónotaðra atkvæðaseðla sem eru eftir í lok kjördags. $A - C - D = E$
F	Samtals kjörfundaratkvæði	Heildarsamtala $C + D + E$. Á að vera sama tala og í A.
G	Utankjörfundaratkvæði í lok kjörfundar	Fjöldi utankjörfundaratkvæða sem eru til meðferðar í lok kjördags. Hér eru ekki talin atkvæði sem bárust í kjördeildina ranglega eða voru afhent óyfirfarin. Þau atkvæði fara til hverfiskjörstjórnar. Sjá nánar í kafla 2.1.13.
H1, H2, H3	Utankjörfundaratkvæði sett í kassa	Fjöldi utankjörfundaratkvæða sem voru sett í kassa eftir lok kjörfundar.
I	Samtals utankjörfundaratkvæði í kjörkassa í lok kjörfundar	Samtala utankjörfundaratkvæða sem fóru í kassa. $H1 + H2 + H3$
J	Ónýt/eyðilögð utankjörfundaratkvæði	Fjöldi utankjörfundaratkvæða sem voru ónýt vegna þess að kjósandi kaus á kjörfundi eða kaus oft en einu sinni utan kjörfundar. Fara í umslag. Sjá nánar í kafla 2.1.13.
L	Samtals utankjörfundaratkvæði	Samtala I + J. Á að vera sama tala og í G.
M	Samtals atkvæði	Samtala C + I. Heildarfjöldi atkvæða í kjörkassa.

LEIÐBEININGAR FYRIR UNDIRKJÖRSTJÓRNIR

Hverfiskjörstjórn mun fara vandlega yfir fundargerðina ykkar þegar þið skilið uppgjöri.

Áður en þið skilið kjörgögnum til hverfiskjörstjórnar eigið þið að gæta þess að allt sé innsiglað í samræmi við kafla 2.1.8.

Verið líka viss um að farið hafi verið með utankjörfundaratkvæði í samræmi við leiðbeiningar í kafla 2.1.13.

2.1.17. TÉKKLISTI Í LOK DAGS

Hér er tékklisti sem þið skuluð fara vandlega yfir áður en þið skilið uppgjöri til hverfiskjörstjórnar:

- Stemma allar tölur í uppgjörinu?
 - ef ekki, getum við lagað það?
- Eru öll gögn sem við eigum að skila á réttum stað?
- Eru ytri umslög atkvæðabréfa í plastkassanum örugglega öll tóm?
- Eru öll innsigli á réttum stöðum?
 - umslög með ónýtum seðlum
 - afgangsseðlar aftur í pappakassann – setja fjölda í reit E í uppgjöri
- Eru öll utankjörfundaratkvæði komin í kassann?
- Eru einhver utankjörfundaratkvæði sem áttu ekki heima hjá ykkur í umslagi?
- Kom eitthvað upp á í dag sem ég vil koma á framfæri við hverfiskjörstjórn?


2.1.18. LEIÐBEININGAR UM FRÁGANG UNDIRKJÖRSTJÓRNA

Þegar uppgjöri ykkar er lokið afhendið þið hverfiskjörstjórn eftirfarandi gögn:

- Útfyllta og undirritaða fundargerð
- Öll þrjú prikablöð
- Innsiglað umslag með ónýtum kjörfundaratkvæðum
- Innsiglað umslag með ónýtum utankjörfundaratkvæðum
- Önnur útfyllt eyðublöð ef einhver eru

Önnur gögn fara í plastkassa merktan *kjörgögn*. Gangið snyrtilega frá gögnunum og skiljið við kassana í sama standi og þegar þið fenguð hann í upphafi dags.

Leiðbeiningar um þau gögn sem afhenda þarf hverfiskjörstjórn og leiðbeiningar um frágang undirkjörstjórna má sjá á myndum á næstu blaðsíðum.

ATKVÆÐAUMSLAG 

Til yfirkjörstjórnar _____

Frá kjörstað _____ Kjördeild _____

Mikilvægt er að aðeins **ein tegund af gögnum** fari í hvert umslag.
Aðeins skal merkja í **einn fering** hér að neðan eftir því hvaða gögn eru í umslaginu.

☐ Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga _____ stk.

☐ Ágreiningur um gildi utankjörfundaratkvæða, sbr. 95. gr. kosningalaga _____ stk.


☐ Óvistuð atkvæði, þ.e. utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir lok kjörfundar í
aðra kjördeild en kjösandi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild. _____ stk.

☐ Ónotaðir kjörseðlar _____ stk.

☐ Ónýtir kjörseðlar _____ stk.

☐ Annað _____ stk.

Mynd 1 – Umslag, eitt fyrir ónýt utankjörfundarakvæði og eitt fyrir ónýt kjörfundaratkvæði.



Mynd 2 – Pappakassi með afgangsseðlum innsiglaður. Sami pappakassi og atkvæðin komu í.

Ekkert annað er innsiglað. Ef þið hafið engin ónýt atkvæði, ekki innsigla umslögin. Ef umslag er tómt setjið það í plastkassa merktan *kjörgögn*.



Mynd 3 – Innsigli útfyllt. Innsiglið er auðkennt með nafni kjörstaðar og númeri kjördeildar. Að lokum er nafn þess sem fyllir út innsiglið ritað á það og fylgimiði settur í fundargerð kjördeildar.



Mynd 4 – Frágangi lokið. Gögn sem afhenda á hverfiskjörstjórn eru til reiðu og önnur kjörgögn komin í plastkassa merktan kjörgögn. Tóm ytri umslög af utankjörfundaratkvæðum fara í plastkassa merktan atkvæðabréf.

2.2. LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.1. GÖGN HVERFISKJÖRSTJÓRNAR

Hverri hverfiskjörstjórn er afhentur stór plastkassi með gögnum að morgni kjördags. Eftirfarandi eigið þið öll að hafa fengið í hendur áður en kosning hefst.

Eyðublöð

Yfirlit yfir afsal kosningaréttar á kjörstað
Afsal kosningaréttar vegna óskar um flutning milli kjörstaða
Vottorð vegna kjósenda sem ekki hafa skilríki
Eyðublað fyrir fjölda atkvæða í fyrsta kassa (tvö eintök)
Kjörsókn pr. klst. (rafrænt)
Nafnalisti hverfis- og undirkjörstjórna (rafrænt)
Uppgjörsblað (rafrænt)
Staðfesting aðstoðarmanns kjósenda (rafrænt)

Umslög

Tvö umslög sem þið merkið:
1. Óvistuð utankjörfundaratkvæði – reitur N í uppgjöri
2. Ógild utankjörfundaratkvæði – fer ekki í uppgjör
Aukaumslag fyrir undirkjörstjórnir

Bækur

Kosningakver Reykjavíkurborgar
Kosningahandbók (lög og reglugerðir)
Gerðabók hverfiskjörstjórnar

Annað

Farsími
Skírteini
Blindraspjald
Ritföng
Aukakassi af kjörseðlum
Innsiglisbönd fyrir kjörkassa
Innsiglislímmiðar (til vara fyrir undirkjörstjórnir)
Kjörskrá fyrir kjörstaðinn
Listi yfir umboðsmenn og aðstoðarfólk (rafrænt)
Aukaeintök af prikablöðum og ýmsum gögnum (rafrænt)

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.2. TÍMALÍNA FRÁ KL. 7:00-9:00

7:00 Fulltrúar hverfiskjörstjórna mæta í Ráðhús á bilinu 7:10-7:30 til að sækja kjörgögn. Kjörgögnin eru flutt undir eftirliti hverfiskjörstjórnar í sendibíl á kjörstað.

Athugið að kveikja strax á farsíma og tölvu og tryggið að þið séuð skráð inn í Outlook og Teams.

8:00 Hverfiskjörstjórn, undirkjörstjórnir og annað starfsfólk mætt á kjörstað. Hverfiskjörstjórn kys sér oddvita sem hefur reynslu af starfinu. Setjið upp skírteini sem finna má í kjörgögnum.

8:10 Hverfiskjörstjórn safnar starfsfólki saman á fund yfir morgunkaffinu. Þar eigið þið að:

- kanna mætingu og hringja í þau sem ekki eru mætt
- gera grein fyrir starfinu og hvernig dagurinn mun ganga fyrir sig, hafið í huga að hluti hópsins er að vinna að sínum fyrstu kosningum
- kynna skipan í störf
- útskýra hvernig þið hagið kaffi- og matarpásam
- minna á atriði eins og þagnarskyldu, almenn snyrtilegheit, faglegri framkomu og kurteisi
- brýna fyrir starfsfólkinu að leita til hverfiskjörstjórna alltaf þegar þeim þykir ástæða til, frekar oft en sjaldnar, t.d. ef villa kemur upp í kjördeild sem erfitt reynist að leysa, ef kjósendur eru krefjandi o.s.frv.
- minna þau á að þeim er óhætt að leita til ykkar í trúnaði ef samstarfið þeirra á milli gengur ekki vel eða ef þau verða vitni að einhverju sem þeim finnst þurfa að bregðast við
- útskýra að hlutverk ykkar er að vera til staðar fyrir undirkjörstjórnir og ganga í öll störf eftir þörfum
- kanna hvort eitthvað starfsfólk á eftir að kjósa og þarf að fá tækifæri til þess, sér í lagi ef það er á kjörskrá í öðru kjördæmi en það er að vinna. Ef svo er þarf að finna leið til að aðstoða þau við það.
- **athugið sérstaklega nýtt verklag:** minnið undirkjörstjórnir á að þau eiga að strika út kjósendur sem hafa látist eftir viðmiðunardag kjörskrár. Þeir eru fremst í kjördeildabókunum. Viðbætur á kjörskrá finna þau aftast í bókunum og þangað eiga þau að færa inn kjósendur sem hafa afsalað sér kosningarétti annars staðar og kjósa hjá þeim.

Að fundi loknum fara undirkjörstjórnir í sína kjördeild með kjörgögnin sín. Hverfiskjörstjórnir skulu fylgja undirkjörstjórnunum eftir og tryggja að allt gangi vel fyrir sig og allt starfsfólk viti hvað það á að gera. Gagnaskrár finnið þið fremst í leiðbeiningunum.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

8:30-8:45 Tilkynnið símaveri um forföll og/eða umfram starfsfólk. Þið getið hringt í síma 411 4915, talað við okkur á Teams eða sent okkur tölvupóst. Síma-ver notast við netfangið kosningar@reykjavik.is.

Hver hverfiskjörstjórn hefur sitt eigið netfang og þið eigið að vera skráð sjálfkrafa inn þegar tölvan hefur verið ræst. Netföngin finnið þið í lista yfir hverfiskjörstjórnir í kafla 1.5.

8:45-8:50 Mikilvægt er að ganga úr skugga um að allar kjördeildir séu tilbúnar að taka við kjósendum áður en kjörfundur hefst. Gangið með gerðabókina og innsiglisbönd milli kjördeilda. Í hverri kjördeild **merkið þið lok kjörkassans með límmiðanum**, opnið kassann, látið undirkjörstjórn skoða hann og votta skýrt að hann sé tómur. Að því loknu skal **innsigla kassann með innsiglisböndum á öllum fjórum hliðum**. Bókið númer innsiglisbandanna í gerðabók. Nánari leiðbeiningar um innsigli eru í kafla 2.2.4.

9:00 Kjörfundur hefst.

Atkvæði greidd utan kjörfundar munu berast ykkur að morgni kjördags. **Mikilvægt er að afhenda utankjörfundaratkvæði til undirkjörstjórna með öðrum gögnum við upphaf kjörfundar og leiðbeina þeim um að byrja snemma og nýta tímann jafnt og þétt yfir daginn til að vinna þau.** Í kafla 2.2.7. er farið nánar yfir meðhöndlun utankjörfundaratkvæða.

Síðar um daginn koma fleiri utankjörfundaratkvæði frá yfirkjörstjórn. Þið farið eins með þau: afhendið undirkjörstjórnnum til meðferðar sem allra fyrst.

10:00 Gangið í allar kjördeildir, takið saman upplýsingar um kjörsókn og fyllið út í rafrænt skjal. Þetta gerist á heila tímanum allan kjörfundinn. Við lok kjörfundar eiga tölur um utankjörfundaratkvæði **ekki að fylgja með**.

2.2.3. SKILRÍKI

Kjósandi gerir kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa skilríkjum. Skilríki með mynd og kennitölu teljast fullgild, þ.m.t. debetkort og dvalarleyfiskort. Athugið að vegabréf og ökuréttindi þurfa ekki að vera í gildi til að teljast fullgild skilríki.

Kjósandi getur auðkennt sig með innskráningu á Ísland.is, annað hvort í vafra eða smáforriti. Komi upp vandamál í kjördeildinni vegna þess að kjósandi getur ekki sýnt fram á hver hann er ber að kalla til hverfiskjörstjórn. Takið kjósenda afsíðis ef þarf svo kosning tefjist ekki af þessum sökum.

Þið hafið ýmis úrræði, verið óhrædd við að treysta eðlisávísuninni. Geti kjósandi t.d. greint frá nöfnum íbúa í næstu íbúð eða næsta húsi er það ákveðin vísbending. Samfélagsmiðlar og leitarvélar geta líka komið að gagni. Eins getið þið fengið annan kjósenda (sem hefur persónuskilríki meðferðis) til að votta að kjósandi sé sá sem hann segist vera. Sé sú leið

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

farin skal fylla út viðeigandi eyðublað sem fylgir í gögnunum. Hafið **alltaf** samband við símaver í s. 411 4915 áður en kjósanda er vísað frá.

Aldrei vísa kjósanda frá kjörstað fyrr en öll tiltæk úrræði hafa verið reynd.

2.2.4. INNSIGLI

Kjörkassar eru innsiglaðir áður en kjörfundur hefst með innsiglium undirkjörstjórnar.

Það er gert svona:

- Hverfiskjörstjórnir ganga í kjördeildir þar sem eru opnir kjörkassar.
- Fulltrúi hverfiskjörstjórnar og fulltrúi undirkjörstjórnar sammælast um að kassinn sé tómur. Honum er lokað, hverfiskjörstjórn innsiglar hann með innsiglisböndum, einu á hverri hlið.
- Bókið númerin á innsiglisböndum í gerðabók.
- Við flutning kjörkassa og við upphaf og lok kjörfundar (**og aðeins þá**) eiga umboðsmenn rétt á að setja sín innsigli á kjörkassann og aðrar umbúðir sem innsiglaðar eru.
- Athugið þó 10. gr. fundarreglna yfirkjörstjórnar, sjá 3. kafla þessa kvers.
- Athugið að við flutning kjörkassa á að loka raufinni með innsiglisbandi og bóka númerið í gerðabók.
- Ef nota þarf nýtt innsigli vegna þess að innsigli skemmist eða er rangt notað skal bóka um það í gerðabók hverfiskjörstjórnar.

2.2.5. UMBOÐSMENN

Umboðsmenn gegna mikilvægu hlutverki við eftirlit með framkvæmd kosninganna. Þeim ber að fylgjast með því sem fram fer yfir daginn og miklu máli skiptir að samskipti við þá einkennist af kurteisi og gagnkvæmri virðingu. Við þjóðaratkvæðagreiðslu skipar landskjörstjórn tvo umboðsmenn í hverju kjördæmi, einn til að gæta hagsmuna hvors valkostsins fyrir sig. Þeir hafa heimild til að setja sín eigin innsigli á kjörkassa við upphaf kjörfundar, við flutning og eftir lok kjörfundar og þeir hafa heimild til að taka myndir af kjörkössum og innsiglium **en þó aðeins fyrir utan kjördeildina, við upphaf kjörfundar, við flutning og eftir lokun.**

Umboðsmönnum er heimilt að tilnefna aðstoðarmenn sem hafa að öllu leyti sömu réttindi og skyldur og umboðsmennirnir sjálfir. Umboðsmönnum og þeirra aðstoðarfólki er skylt að bera sérstök skilríki, útgefin af yfirkjörstjórn, við störf sín. Þau líta svona út:



LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

Fundarreglur yfirkjörstjórna eru í þriðja kafla þessa kvers. Þar er ítarlega farið yfir hlutverk og störf umboðsmanna. Fjölmíðlum sem vilja mynda kjósendur við kosningu, er heimilt að standa fyrir utan kjördeild og beina myndavél inn meðan kjósandinn greiðir atkvæði. Gæta þarf þess að aðrir kjósendur séu ekki inn í kjördeildinni þegar slík myndataka fer fram. Engar myndatökur eru leyfilegar inni í sjálfri kjördeildinni og þurfa myndatökumenn að standa fyrir utan hana.

2.2.6. TÉKKLISTI

Mikilvægt er að hverfiskjörstjórn sinni sínum undirkjörstjórnnum vel og kanni reglulega hvort ekki gangi allt að óskum inni í kjördeildum. Hverfiskjörstjórnir eiga að vera vel vakandi og mjög virkar í störfum sínum allan daginn. Látið hannyrðir, síma og önnur einkaerindi bíða sunnudags og gætið að því að álag dreifist jafnt á alla meðlimi kjörstjórnarinnar. Gætið jafnframt vel að því, sérstaklega á álagstímum, að sjá til þess að það séu alltaf tveir fulltrúar hverfiskjörstjórnar til staðar á hverjum tíma. Ekki skilja eina manneskju eftir, t.d. á heila tímanum þegar þarf að safna saman tölum.

Starfsfólk sem ekki hefur verið skipað í tiltekna undirkjörstjórn á að sinna öllum öðrum störfum. Það er á verksviði hverfiskjörstjórnar að raða því starfsfólki niður í upplýsingar, afleysingar og varamennsku. Þið eigið einnig að sinna öllum þessum hlutverkum sjálf eftir þörfum.

Gætið sérstaklega að því að:

- að jafnaði séu fjórir í hverri kjördeild og aldrei færri en þrír
- allt starfsfólk sé upplýst um hversu tíðar og langar matar- og kaffipásur mega vera (það er ykkar að meta það og sjá til þess að starfsfólkið ykkar nýti þessi hlé)
- **það er einnig í ykkar verkahring að leysa starfsfólk í undirkjörstjórnnum af eftir þörfum**
- afleysingafólk sé á gangi milli kjördeilda að kanna hvort vantar afleysingu
- upplýsingafólk sé á gangi meðal fólks að veita aðstoð
- starfsfólk í undirkjörstjórnnum skiptist á að sinna tilsjónarmannshlutverki
- starfsfólk í undirkjörstjórnnum fari eftir leiðbeiningum og komi vel fyrir (fylgist t.d. með hannyrðum, síma- og tóbaksnotkun í kjördeildum)
- gera nauðsynlegar breytingar í kjördeildum ef starfsmaður veldur hlutverki sínu ekki nægilega vel eða virðist ekki vera á réttum stað. Hafið samband við símaver í síma 411 4915 ef þið þurfið aðstoð
- gera hverjar þær breytingar á uppsetningu kjörstaðarins sem þið teljið nauðsynlegar
- hafa tilbúnar upplýsingar um kjörsókn á heila tímanum og fylla inn í rafræna eyðublaðið tímanlega
- hafa eftirlit með og bregðast við ef á kjörstaðnum eða lóð hans fer fram kosningaáróður, kosningaspjöll eða önnur starfsemi sem truflar eða hindrar eðlilega framkvæmd kosninga.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.7. UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI

Yfirkjörstjórn afhendir ykkur utankjörfundaratkvæði í plastkössum merktum kjördeildum þegar þið sækið önnur kjörgögn að morgni kjördags. Þið eigið að koma þeim til undirkjörstjórnar til vinnslu strax við upphaf kjörfundar, þeim veitir ekki af því að nýta daginn til að vinna með atkvæðin. Leiðbeiningar fyrir undirkjörstjórnir um meðferð utankjörfundaratkvæða má finna í kafla 2.1.13 en þið þurfið að gæta þess að þau viti að **ytra umslag og innra umslag sé aldrei skilið að fyrr en eftir lok kjörfundar**. Þið berið ábyrgð á því að meðferð utankjörfundaratkvæða fari rétt fram.

Þessi utankjörfundaratkvæði verða með stimpli yfirkjörstjórnar á ytra umslagi og það umslag verður opið.

Á kjördegi munu ykkur berast fleiri yfirfarin atkvæði. Þeim þurfið þið að koma í réttar kjördeildir sem fyrst.

Ef ykkur berast utankjörfundaratkvæði frá einhverjum öðrum en yfirkjörstjórn (semsagt óyfirfarin og án stimpils yfirkjörstjórnar) nefnast þau óvistuð atkvæði. Um þau gildir eftirfarandi verklag.

- Ef atkvæðin eiga heima á ykkar kjörstað þá farið þið yfir fylgiseðil eins og lýst er hér að neðan.
- Ef atkvæðin eiga ekki heima á ykkar kjörstað (en eiga heima í Reykjavík), hafið þá samband við símaver og upplýsið um fjölda þeirra.
- Ef atkvæðin eiga ekki heima í Reykjavík, látið símaverið vita.
- Ef kjörfundi er lokið og þið sitjið uppi með atkvæði sem ekki tókst að koma á réttan kjörstað þá setjið þið þau í umslag sem þið merkið „Óvistuð utankjörfundaratkvæði“, fyllið út fjölda þeirra í reit N á uppgjörsblaðinu ykkar og komið með á talningarstað. Hafið þetta umslag uppi við þegar þið skilið af ykkur kjörgögnum.
- Sama verklag gildir um yfirfarin atkvæði (stimpluð) sem undirkjörstjórnir hafa ranglega fengið til sín og eiga heima á öðrum kjörstöðum í Reykjavík.

Um óyfirfarin atkvæði sem eiga heima á ykkar kjörstað gildir eftirfarandi verklag:

- Þið opnið ytra umslagið og yfirfarið fylgiseðilinn sem þar er inni í. Fylgiseðillinn á að vera rétt útfylltur. Þar á að koma fram nafn kjósandans, kennitala og lögheimili. Kjósandinn á að vera á kjörskrá á ykkar kjörstað. Fylgiseðillinn á að vera undirritaður bæði af kjósanda og kjörstjóra. Embættisstimpill á að vera til staðar, ef við á. Dagsetning fylgiseðilsins má ekki vera fyrir 27. júlí 2026. Ef aðstoð er veitt og tekin fram á fylgiseðli er undirritun kjósanda ekki nauðsynleg. Ef fylgiseðillinn er rétt fylltur út, þá skrifið þið utan á ytra umslagið: „Yfirfarið af hverfiskjörstjórn“ og afhendið atkvæðasendinguna rétttri undirkjörstjórn til sömu meðferðar og önnur yfirfarin atkvæði sem þeim hafa borist.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

- Ef gallar eru á atkvæðasendingunni þá setjið þið ytra umslagið (með fylgiseðlinum og innra umslaginu) í umslag, merkið við „Ógild utankjörfundaratkvæði“ á umslaginu og komið með í talningu við uppgjör. Óþarfi er að skrá fjölda þeirra á uppgjörslaðið, en bókið um málið.

Ef þið eruð ekki viss hvað skal gera þá er alltaf hægt að hringja í símaverið í Ráðhúsi í síma 411 4915.

Óþarfi er að telja atkvæðin í plastkössunum. Nóg er að bóka í gerðabók um að þau hafi verið móttækin og send í kjördeildir. Bókið í gerðabók um þau atkvæði sem ykkur berast með öðrum hætti.

Við uppgjör að kjörfundi loknum er sérstaklega mikilvægt að þið gangið úr skugga um að utankjörfundaratkvæði hafi öll skilað sér í kjörkassa eða í viðeigandi umslag fyrir óvistuð atkvæði. Eins þurfið þið að gæta að því að sendiumslög utankjörfundaratkvæða (ytra umslag) fylgi kjörgögnum til yfirkjörstjórnar í plastkassanum og að tryggt sé að þau séu öll tóm.

Sjá nánar kafla 2.2.13. um uppgjör hverfiskjörstjórnar.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.8. AÐSTOÐ VIÐ KOSNINGU

Allir kjósendur eiga rétt á aðstoð við kosninguna og þurfa aldrei að greina frá því hvers vegna þeir óska eftir aðstoð. Ykkur er óheimilt að kalla eftir slíkum skýringum. Kjósandi getur komið með eigin aðstoðarmann eða fengið aðstoð frá kjörstjórnarfólki. Undirkjörstjórnir bóka um þessa kjósendur í fundargerð.

Við alla framkvæmd aðstoðar við atkvæðagreiðslu sýnið þið kjósenda þá nærgætni, lipurð og virðingu sem þarfir og aðstæður hans kalla á hverju sinni.

Aðstoðarmaður kjósenda má hvorki vera frambjóðandi í kosningum eða maki, barn, systkini eða foreldri frambjóðanda og þá er honum óheimilt að gerast aðstoðarmaður fleiri en þriggja kjósenda við sömu kosningar. Aðstoðarmaður kjósenda skal að minnsta kosti vera 18 ára gamall.

Ef kjósandi óskar eftir aðstoð á undirkjörstjórn að fylgja þessum skrefum:

1. Fletta kjósenda upp í kjörskrá eins og öðrum kjósendum.
2. Stöðva umferð um kjördeildina meðan aðstoð er veitt.
3. Kanna hvort kjósandi vill aðstoð þeirra eða eigin aðstoðarmanns.
4. Ef kjósandi vill aðstoð þeirra, bóka þau um kjósendann í fundargerð á viðeigandi stað.
5. Ef kjósandi kemur með eigin aðstoðarmann láta þau viðkomandi fylla út viðeigandi eyðublað, ganga úr skugga um að hann uppfylli skilyrðin hér að ofan og bóka um aðstoðina í fundargerðina.
6. Kjósandi greiðir atkvæði með aðstoð kjörstjórnarmanneskju eða eigin aðstoðarmanns.

Ef aðstoðarmaður uppfyllir ekki skilyrðin sem koma fram hér að ofan eða ef kjósandi vill aðstoð frá undirkjörstjórn en getur ekki greint frá því hvað hann vill kjósa ber undirkjörstjórn að vísa kjósenda og eftir atvikum aðstoðarmanni hans til hverfiskjörstjórnar.

Þið takið beiðnina til skoðunar. Ef niðurstaða ykkar er sú að aðstoðarmaðurinn uppfylli ekki skilyrði eigið þið að synja viðkomandi um að veita aðstoð og bjóða kjósendanum að kjósa með aðstoð kjörstjórnarfólks. Bókið um synjunina. Ef kjósandi óskar eftir aðstoð kjörstjórnarfólks en tekst að ykkar mati ekki að greina skýrt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði eigið þið að synja honum um aðstoð og bóka um synjunina í gerðabók. Synjun ykkar er endanleg.

Hafið samband í síma 411 4915 ef á þarf að halda við þessa framkvæmd en nánari leiðbeiningar finnið þið í 89. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og í reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu, nr. 432/2022.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.9. FLUTNINGUR KJÖRKASSA

Um kl. 17:00 verður skipt um kjörkassa. Bílstjóri kemur á kjörstað og afhendir ykkur tóma kassa. Þið farið þá inn í kjördeildir, stöðvið kosningu, lokið fyrir raufina á kassanum sem er að fara í flutning og innsiglið með innsiglisbandi. Fáid undirkjörstjórn til að votta að nýi kassinn sé tómur á sama hátt og um morguninn, innsiglið kassana á öllum fjórum hliðum. Bókið um númer innsiglanna í gerðabók. Sjá kafla 2.2.4. Þótt bílstjórar séu komnir snemma eigið þið ekki að skipta um kassa fyrr en klukkan 17. Gætið þess á þessum tíma að skipta með ykkur verkum þar sem það þarf líka að taka kjörsóknartölur á sama tíma.

Þegar skipt er um kjörkassa skal undirkjörstjórn taka saman hversu margir hafa þá kosið (hversu mörg atkvæði eru í kjörkassanum) og afhenda ykkur þá tölu. Þið færið þá tölu inn á eyðublað í tvíriti og hafið annað með ykkur við flutning á kjörkassanum. Bókið einnig um tölurnar í gerðabók. Þetta er mjög mikilvægt og hverfiskjörstjórn hefur það hlutverk að afhenda eyðublaðið þegar kjörkassinn er afhentur til yfirkjörstjórnar sem og að fylla tölurnar af því inn í flipann kassaskipti á rafræna uppgjörslaðinu.

Takið einnig öll óvistuð utankjörfundaratkvæði með ykkur á talningarstað og afhendið starfsfólki yfirkjörstjórnar. **Athugið að færa þessi atkvæði ekki inn í uppgjör hverfiskjörstjórnar.**

Fulltrúi hverfiskjörstjórnar fer svo ásamt bílstjóra og einum starfsmanni kjörstaðarins með fullu kassana í talningu.

Kjörkassar þurfa að vera komnir á talningarstað kl. 17:45.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.10. AFSAL KOSNINGARÉTTAR Í KJÖRDEILD

Kjósandi getur afsalað sér kosningarétti í kjördeild og kosið á öðrum stað í **sama kjördæmi**.

Það gengur svona fyrir sig:

1. Hildur gefur sig fram við hverfiskjörstjórn í Ráðhúsi og segist vilja kjósa þar þó hún sé á kjörskrá í Laugalækjarskóla.
2. Hverfiskjörstjórn Ráðhúss gengur úr skugga um að Laugalækjarskóli sé í Reykjavík kjördæmi norður. Hún fyllir út eyðublaðið *afsal kosningaréttar vegna óskar um flutning milli kjörstaða* sem fylgir ykkar gögnum og Hildur skrifar undir.
3. Hverfiskjörstjórn Ráðhúss hringir í hverfiskjörstjórn í Laugalækjarskóla og óskar eftir staðfestingu á að Hildur sé ekki búin að kjósa þar.
4. Hverfiskjörstjórn Laugalækjarskóla lætur skrifa í athugasemdadálk í kjördeildabókum fyrir aftan nafn Hildar: Kýs í Ráðhúsi. **Engar aðrar merkingar eru gerðar í Laugalækjarskóla, hvorki í bókina né á prikablöðin.**
5. Hverfiskjörstjórn í Laugalækjarskóla skrifar upplýsingar um Hildi á eyðublað sem heitir *yfirlit yfir afsal kosningaréttar á kjörstað*.
6. Hverfiskjörstjórn í Ráðhúsi staðfestir umsókn Hildar og fylgir henni í þá kjördeild sem hverfiskjörstjórn telur best henta.
7. Undirkjörstjórn í viðkomandi kjördeild skrifar Hildi inn á lausu blöðin aftast í kjördeildabókunum og merkir inn á prikablöð eins og hún gerir um alla aðra kjósendur í kjördeildinni.
8. Undirkjörstjórn geymir jafnframt eyðublaðið *afsal kosningaréttar vegna óskar um flutning milli kjörstaða* í plastkassanum með öðrum útfylltum eyðublöðum.
9. Hverfiskjörstjórnir á báðum stöðum (Ráðhúsi og Laugalækjarskóla) bóka í gerðabók um málið. Það skiptir miklu máli fyrir rekjanleika þessara kjósenda að bókað sé á báðum stöðum.

Athugið sérstaklega að vegna þess hversu flókin þessi framkvæmd er skiptir miklu máli að þessi tilfelli gleymist ekki ef það koma upp villur í kjördeild.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.11. GERÐABÓK

Ýmis dæmi um bókanir í gerðabók hverfiskjörstjórnar

1. Hverfiskjörstjórn var mætt í Hlíðaskóla kl. 7:40. Oddviti er Oddný Oddsdóttir.
2. Kl. 9:00 hefst kosning. Sólin skín og fólk er glatt.
3. Kl. 9:20 kom kjósandi að máli við hverfiskjörstjórn og vakti athygli á auglýsingaskilti frá einum frambjóðanda fyrir utan kjörstaðinn. Haft var samband við símaver í Ráðhúsi sem leysti málið með plastpokum og límbandi.
4. Kl. 10:33 kom kjósandi nr. 38.567, Lára Lárudóttir, á kjörstað og vildi afsala sér kosningarétti í Breiðagerðisskóla. Haft var samband við Breiðagerðisskóla og látið vita. Fyllt út eyðublað sem geymt var með gögnum í 3. kjördeild þar sem Lára greiddi atkvæði.
5. Símtal barst frá Hagaskóla kl. 11:15 um að kjósandi nr. 99.999, Ari Arason, vildi afsala sér kosningarétti í Hlíðaskóla. Merkt var við Ara í kjördeildabók: *Kýs í Hagaskóla*.
6. Kl. 12:00 bárust 150 utankjörfundaratkvæði frá yfirkjörstjórn. Þeim var dreift í réttar kjördeildir.
7. Í hádegi kom í ljós að starfsmaður í 3. kjördeild olli ekki hlutverkinu nægilega vel. Hann var fluttur í upplýsingar og nafni hans komið til símavers í Ráðhúsi.
8. Kl. 13:00 kom fulltrúi úr undirkjörstjórn með kjósanda sem vildi aðstoð kjörstjórnarfulltrúa við kosningu en gat ekki greint frá því hvernig hann vildi greiða atkvæði. Hverfiskjörstjórn ræddi við kjósandann en ekki reyndist unnt að ná fram skýrum vilja hans um hvernig hann vildi greiða atkvæði. Beiðni um aðstoð var því hafnað en kjósandanum gerð grein fyrir því að hann hefði rétt á að kjósa aðstoðarlaust eða með eigin aðstoðarmanni.
9. Kl. 14:00 kom upp villa í 2. kjördeild. Kosning var stöðvuð og fannst villan kl. 14:07 og kosningu var fram haldið.
10. Klukkan 17:05 kom kjósandi og kvartaði undan því að ekki væri hjólastóll í Hlíðaskóla. Haft var samband við símaver í Ráðhúsinu og óskað eftir slíkum. Kjósandi var beðinn afsökunar og starfsfólk kjörstaðarins aðstoðaði kjósanda við að komast inn í kjördeild.
11. Klukkan 23:20 var uppgjöri allra kjördeilda lokið. Villa í 1. kjördeild tafði uppgjörið.

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

2.2.12. EFTIRLIT MEÐ UPPGJÖRI UNDIRKJÖRSTJÓRNA

Þegar kjörfundi hefur verið slitið fer hverfiskjörstjórn vandlega yfir uppgjör allra undirkjörstjórna. Sérstaklega þarf að skoða frágang utankjörfundaratkvæða og fylgjast með því að þau hafi skilað sér ofan í kjörkassann.

Ganga þarf úr skugga um að allir reitir í uppgjöri og fundargerð hafi verið fylltir út í samræmi við leiðbeiningar, fara þarf vandlega yfir að allir útreikningar séu réttir. Hverfiskjörstjórn staðfestir með undirskrift sinni og dagsetningu að uppgjörið hafi verið yfirfarið og stemmi.

Þið færið uppgjörsblöð undirkjörstjórna inn á rafrænt eyðublað í tölvupóstinum ykkar. Leiðbeiningar um það eru í eyðublaðinu. Þegar allar kjördeildir hafa verið færðar inn, þá prentið þið út samtölublað, undirritið og hafið meðferðis í uppgjörið.

Þið þurfið einnig að gæta þess að nafnalistar undirkjörstjórna og hverfiskjörstjórna séu rétt útfylltir, launagreiðslur til starfsfólks byggjast m.a. á þessum listum og því mikilvægt að rétt reikningsnúmer komi fram. Þið gerið nauðsynlegar breytingar á nafnalistum í rafræna eintakinu.

2.2.13. UPPGJÖR HVERFISKJÖRSTJÓRNA

Fyllið út uppgjörsblaðið rafrænt. Gráir samtölureitir uppfærast sjálfkrafa og verða rauðir ef innsláttur er ekki réttur eða ef tölurnar stemma ekki. Gætið þess að engir reitir séu rauðir, prentið út samtölublað og undirritið.

Fyllið nafnalista út rafrænt. Ef einhverjar upplýsingar vantar, einhverju þarf að breyta eða þið þurfið að koma athugasemdum á framfæri, nýtið rafræna eintakið til þess.

Hverfiskjörstjórn kemur svo á talningarstað og skilar af sér öllum gögnum til yfirkjörstjórnar. Eftirfarandi gögn skuluð þið hafa tilbúin:

- 1. Útfyllt og undirritað uppgjörsblað**
- 2. Umslag með óvistuðum utankjörfundaratkvæðum sem hafa ekki verið sótt og eiga að fara til yfirkjörstjórnar (óvistuð utankjörfundaratkvæði - reitur N í uppgjöri hverfiskjörstjórnar)**
- 3. Umslag með ógildum utankjörfundaratkvæðum ef einhver eru.**

Önnur kjörgögn setjið þið í plastkassann ykkar:

- Fundargerð úr hverri kjördeild, útfyllta og undirritaða af undirkjörstjórn með staðfestingu á yfirferð hverfiskjörstjórnar
- Prikablöð, þrjú úr hverri kjördeild
- Kjördeildabækur, tvær úr hverri kjördeild Ónýta seðla (kjörfundar- og utankjörfundaratkvæði) í rétt merktum umslögum
- Nafnalista hverfis- og undirkjörstjórna (þessu megið þið skila rafrænt)
- Gerðabók hverfiskjörstjórnar (undirritaða)
- Öll útfyllt eyðublað undirkjörstjórna

LEIÐBEININGAR FYRIR HVERFISKJÖRSTJÓRNIR

Önnur kjörgögn hverfiskjörstjórnar, ef einhver eru, skal setja í plastkassa merktan *Kjörgögn* og afhenda ásamt gögnum undirkjörstjórna. Undirrituð eyðublöð kjósenda um afsal kosningaréttar í kjördeild skulu fylgja öðrum útfylltum eyðublöðum.

Áður en gögnum er skilað til yfirkjörstjórnar er mjög mikilvægt að hverfiskjörstjórn yfirfari öll gögn sem undirkjörstjórnir skila inn. Nauðsynlegt er að leita af sér allan grun um að í gögnunum leynist utankjörfundaratkvæði. Þetta getur komið í veg fyrir tímafreka leit við uppgjör.

Síðasta verk hvernar undirkjörstjórnar er að ganga úr skugga um að öll ytri umslög gildra utankjörfundaratkvæða séu tóm. Þau skulu yfirfarin aftur eftir að innri umslög með gildum atkvæðum hafa verið sett í kjörkassa.

2.2.14. KOSNINGASPJÖLL

Ýmislegt getur komið upp á kjördag sem fellur undir kosningaspjöll. Kjósandi getur gert tilraun til að yfirgefa kjörstað án þess að skila kjörseðli, þið getið fengið tilkynningu um kosningaáróður sem er á lóð kjörstaðarins eða á sér stað á kjörfundinum, kjósandi getur reynt að hafa áhrif á framkvæmd kjörfundarins, kjósandi getur tekið mynd af kjörseðli sínum og svo framvegis. Ef eitthvað slíkt gerist sem þið treystið ykkur ekki til að bregðast við eigið þið alltaf að hafa samband við símaver í s. 411 4915.

Athugið einnig að nú gildir reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024. Hún er í kosningahandbókinni.


2.2.15. LEIÐBEININGAR UM FRÁGANG HVERFISKJÖRSTJÓRNA

Takið **allar kjördeildabækur, fundargerðir undirkjörstjórna og önnur útfyllt eyðublöð undirkjörstjórna**, ef einhver eru, í ykkar vörslu og setjið í plastkassann áður en gögnum er skilað á talningarstað í lok dags. Tékklista yfir það sem skila þarf með uppgjöri má finna í gögnum hverfiskjörstjórnar. Á næstu blaðsíðum má sjá myndir af því sem þið eigið að skila.

Alþingiskosningar 30. nóvember 2024

Kjörstaður: _____ Álfamýrarskóli

KJÖRFUNDARATKVÆÐI								UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐI								GREIÐD ATKVÆÐI SEND TIL YFIRKJÖRSTJÓRNAR		
A	B1	B2	B3	C	D	E	F	G	H1	H2	H3	I	J	L	N	O	M	
Móttækni- atkvæða- seðlar	Kjölfundaratkvæði sett í kassa			Samtals kjölfundar- atkvæði í kassa	Ónýtir seðlar í umslag	Afgang- seðlar	Samtals	Utankjörfun- daratkvæði í lok kjölfundar	Utankjörfundaratkvæði sett í kassa			Samtals utankjörfunda- ratkvæði í kassa	Ónýtt/ eyðilögð utk. atkv.	Samtals afgreidd utankjörfu- ndaratkvæ- ði	Óvistuð utankjörfu- ndaratkvæ- ði	Samtals utan- kjölfundar- atkvæði	Aktvæði í kassa	
	Karlar	Konur	Kynsögn						Karlar	Konur	Kynsögn							
1. kjördeild	1000	420	425	2	847	2	151	1000	305	146	156	1	303	2	305	1	306	1150
2. kjördeild	1000	354	366	2	722	2	276	1000	290	130	158	1	289	1	290		290	1011
Samtals	2000	774	791	4	1569	4	427	2000	595	276	314	2	592	3	595	1	596	2161



Mynd 1 – Útfyllt og undirritað uppgjörsblað.

ATKVÆÐAUMSLAG

 Landskjörstjórn

Til yfirkjörstjórnar _____

Frá kjörstað _____ Kjördeild _____

Mikilvægt er að aðeins **ein tegund af gögnum** fari í hvert umslag.

Aðeins skal merkja í **einn ferning** hér að neðan eftir því hvaða gögn eru í umslaginu.

☐ Utankjörfundaratkvæði ekki tekin til greina, sbr. 94. gr. kosningalaga _____ stk.

☐ Ágreiningur um gildi utankjörfundaratkvæða, sbr. 95. gr. kosningalaga _____ stk.

☐ Óvistuð atkvæði, þ.e. utankjörfundaratkvæði sem berast fyrir lok kjölfundar í aðra kjördeild en kjósandi tilheyrir og ekki tekst að koma til skila í rétta kjördeild. _____ stk.

☐ Ónotaðir kjörseðlar _____ stk.

☐ Ónýtir kjörseðlar _____ stk.

☐ Annað _____ stk.

Mynd 2 – Umslag, eitt fyrir utankjörfundaratkvæði sem áttu ekki heima á ykkar kjörstað og eiga að fara til yfirkjörstjórnar, ef einhver eru (óvistuð utankjörfundaratkvæði – reitur N í uppgjöri hverfiskjörstjórnar) og eitt fyrir ógild utankjörfundaratkvæði ef einhver eru.



Mynd 3 – Kassir hverfiskjörstjórnar og þau kjörgögn sem þangað eiga að fara. Gangið snyrtilega frá gögnunum og skiljið við plastkassann í sama standi og þegar þið fenguð hann í upphafi dags.

2.3. PERSÓNUVERND

Við framkvæmd kosninga er unnið með ýmsar tegundir persónuupplýsinga í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018. Þannig er bæði unnið með upplýsingar um þau sem koma að framkvæmd kosninganna sem og almenning sem er á kjörskrá. Reykjavíkurborg vill tryggja örugga meðferð slíkra upplýsinga og að aðeins sé unnið með nauðsynlegar upplýsingar við framkvæmd kosninganna.

2.3.1. PERSÓNUUPPLÝSINGAR SEM UNNIÐ ER MEÐ Í TENGLUM VIÐ KOSNINGAR

A. Vinnsla persónuupplýsinga þeirra sem koma að framkvæmd kosninga

Yfirkjörstjórnir og starfsfólk þeirra vinnur með tengiliðaupplýsingar þess starfsfólks sem kemur að framkvæmd kosninga fyrir hönd yfirkjörstjórnar, þ.e. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer, í því skyni að geta haft samband við viðkomandi og tryggt mönnun verkefna. Tengiliðaupplýsingar starfsfólks eru birtar í þessu kveri sem er afhent öllum sem koma að framkvæmd kosninganna. Þá vinnur Reykjavíkurborg ýmis konar persónuupplýsingar sem hafa verið afhentar við skráningu til þátttöku við vinnu á kjördegi, svo sem upplýsingar um bankanúmer og séróskir um mataræði.

Á grundvelli persónuverndarlaga nýtur þú ýmissa réttinda, s.s. réttar til að óska eftir aðgangi að þeim upplýsingum sem unnið er með um þig, rétt til að láta leiðrétta upplýsingar, andmæla vinnslu, flytja upplýsingar um þig og í tilgreindum tilvikum rétt til að láta eyða upplýsingum um þig. Yfirkjörstjórn sem og Reykjavíkurborg sinna skyldum þessum á grundvelli upplýsinga- og persónuverndarlaga auk þess sem persónuverndarstefnur framangreindra taka mið af þeim grundvallarreglum.

B. Vinnsla persónuupplýsinga almennings á kjörskrá

Í tengslum við það lögboðna hlutverk yfirkjörstjórna að telja og yfirfara atkvæði er yfirkjörstjórn nauðsynlegt að vinna með kjörskrá, þar sem finna má upplýsingar um alla þá einstaklinga sem hafa kosningarétt í viðkomandi kosningum, þ.e. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og kjörskrárnúmer auk upplýsinga um hvort viðkomandi hefur nýtt kosningarétt sinn. Tengt þeirri vinnslu er jafnframt vinnsla á upplýsingum um utankjörfundaratkvæði, þ.e. upplýsingar um að viðkomandi hafi kosið utan kjörfundar, sem og upplýsingar er tengjast aðstoð við kosningar.

Fáir þú fyrirspurn um hvernig unnið er með persónuupplýsingar þeirra sem eru á kjörskrá, er gott að geta bent viðkomandi á persónuverndarstefnu yfirkjörstjórnar sem nálgast má í símaveri. Þar er útskýrt hvaða upplýsingar er unnið með, í hvaða tilgangi, á hvaða grundvelli, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar o.s.frv.

Ef frekari spurningar vakna varðandi meðferð persónuupplýsinga er best að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Símahefur milligöngu um það.

2.3.2. MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA OG TILKYNNINGAR UM BREST Á ÖRYGGI

Mikilvægt er að hafa ávallt í huga að ekki skal safna öðrum upplýsingum en nauðsynlegt er og mælt er fyrir um í þessu kveri, s.s. í tengslum við aðstoð við kosningu.

Þá skal gæta að því að tryggja að óviðkomandi aðilar séu ekki viðstaddir í kjördeild og hafi ekki aðgang að kjörskrá og öðrum persónuupplýsingum sem unnið er með. Vakni grunur um það að óviðkomandi hafi komist yfir persónuupplýsingar, s.s. tekið mynd af kjörskrá, tekið útfyllt eyðublöð varðandi aðstoð við kosningar eða annað slíkt, skal tafarlaust haft samband við símahef í s. 411 4915. Það sama á við ef grunur vaknar um að átt hafi verið við kjörskrá eða aðrar persónuupplýsingar eða upplýsingum hafi verið eytt.

3. FUNDARREGLUR

Nr. 1

11. nóvember 2024

FUNDARREGLUR

yfirkjörstjórnar Reykjavíkur við alþingiskosningar

I. kafli. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

1. gr.

Skilríki

Kjósandi skal gera grein fyrir sér í þeirri kjördeild sem hann á kosningarétt í með því að framvísa persónuskilríki með nafni, kennitölu og mynd svo sem vegabréfi, ökuskríteini, nafnskríteini með nafni, mynd og kennitölu kjósandans.

Geti kjósandi ekki framvísað fullnægjandi persónuskilríki skv. 1. mgr. skal undirkjörstjórn ávallt vísa kjósandanum til hverfiskjörstjórnar sem skal kanna til hlítar hvort kjósandi geti gert grein fyrir sér.

2. gr.

Kosning með aðstoð

Skýri kjósandi undirkjörstjórn frá því að hann þarfnist aðstoðar við atkvæðagreiðslu skal sá fulltrúi kjörstjórnar sem kjósandi tilnefnir veita honum aðstoð í kjörklefanum með þeim hætti sem segir í 89. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og reglugerð nr. 432/2022 um aðstoð við atkvæðagreiðslu.

Fulltrúi sem kjósandi óskar eftir að aðstoði hann við að greiða atkvæði í kjörklefanum samkvæmt því sem kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar nr. 432/2022 skal hafa náð 18 ára aldri.

Slíkum fulltrúa er óheimilt að vera fulltrúi fleiri kjósenda við kosninguna en samtals þriggja og má hvorki vera frambjóðandi í kosningunum eða maki, barn, systkini eða foreldri slíks frambjóðanda.

3. gr.

Leynileg kosning

Kjósenda er óheimilt að sýna af ásettu ráði hvernig hann kys eða hefur kosið eða birta myndir af auðum eða útfylltum kjörseðli með hvers konar opinberri birtingu, þar með talið á samfélagsmiðlum, á vefsíðum eða í fjölmiðlum.

Kjósenda er óheimilt að nota síma, tölvu eða hvers konar önnur fjarskiptatæki í kjördeildinni.

Kjósandi skal ávallt fara einn í kjörklefa til þess að kjósa. Undirkjörstjórn getur þó heimilað kjósenda að taka ungarn með í kjörklefann, sem ætla má að ekki hafi öðlast þroska til þess að greina frá því hvernig kjósandinn greiðir atkvæði.

4. gr.

Aðgangur að kjördeild

Öðrum en kjósendum sem kosningarétt eiga í viðkomandi kjördeild, aðstoðarmanni kjósenda samkvæmt 89. gr. kosningalaga, fulltrúum í kjörstjórnnum og starfsfólki við framkvæmd kosninganna, umboðsmönnum framboða og kosningaeftirlitsmönnum samkvæmt 1. mgr. 138. gr. kosningalaga, er óheimill aðgangur að kjördeild meðan á kjörfundi stendur, nema yfirkjörstjórn heimili annað.

5. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll á kjörstað

Verði hverfiskjörstjórn eða yfirkjörstjórn vör við að brotið sé gegn 1. mgr. 81. gr. kosningalaga eða reglugerð nr. 444/2024 um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga, skal hún tafarlaust grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að stöðva óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll eða aðra framgöngu sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninganna í samræmi við ákvæði laganna og reglugerðarinnar.

6. gr.

Myndataka í kjördeildum

Meðan á kosningu stendur eru hvers konar myndatökur í kjördeildum óheimilar.

Með samþykki viðkomandi kjósanda og að því tilskildu að það trufli ekki atkvæðagreiðslu að öðru leyti, er myndataka af því þegar kjósandinn gefur sig fram við undirkjörstjórn eða þegar hann setur kjörseðil í atkvæðakassa heimil.

Ljósmyndari skal ávallt standa fyrir utan kjördeildina meðan á myndatöku stendur.

7. gr.

Ósæmandi háttsemi á kjörstað

Hverfiskjörstjórn er heimilt að vísa hverjum þeim af kjörstað sem beitir eða hótar að beita ofbeldi, sýnir af sér ógnandi hegðun eða hvers konar aðra háttsemi, sem veldur röskun eða truflun á kosningunni.

II. kafli. Umboðsmenn framboða.

8. gr.

Tilnefning umboðsmanna og aðstoðarmanna

Umboðsmenn framboða eru tilnefndir af hverju framboði samkvæmt því sem kveður á um í X. kafla kosningalaga. Um réttindi og skyldur umboðsmanna fer skv. þeim lögum og reglugerð nr. 499/2024 um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga.

Umboðsmenn framboða eiga rétt á að tilnefna aðstoðarmenn sem koma fram fyrir hönd þeirra við framkvæmd kosninga.

Tilnefningar skulu berast yfirkjörstjórn hvors Reykjavíkurborgardæma fyrir sig í síðasta lagi tíu dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn viðkomandi kjördæmis útbúa sérstök skilríki fyrir aðstoðarmenn sem þeir skulu bera við eftirlit sitt, sbr. fyrirmæli landskjörstjórnar nr. 181/2024 um skilríki umboðsmanna við kosningar.

Réttindi og skyldur aðstoðarmanna gagnvart kjörstjórnnum eru hin sömu og umboðsmanna framboðs.

9. gr.

Almennt um eftirlit umboðsmanna

Umboðsmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og bera sjálfir ábyrgð á eftirliti sínu.

Þeir skulu haga eftirliti sínu með kosningu samkvæmt þeim heimildum sem kveðið er á um í kosningalögum.

Umboðsmenn eiga rétt á því að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningaathöfnina og má hver þeirra átelja það við kjörstjórnina það sem honum finnst áfátt.

Umboðsmenn hafa ekki boðvald yfir kjörstjórnnum eða starfsfólki þeirra og er óheimilt með öllu að stöðva, tefja eða spilla framkvæmd kosninganna, þar með talið við flutning atkvæðakassa úr kjördeild.

Umboðsmenn skulu við framkvæmd eftirlits síns gæta að því að sýna almenna háttvísi og hvorki torvelda né tefja framkvæmd kosninganna.

Umboðsmenn skulu við framkvæmd eftirlits með kosningum bera skilríki samkvæmt 10. gr. reglna þessara, eða annað auðkenni sem yfirkjörstjórn lætur þeim í té.

Umboðsmönnum er óheimilt að bera merki eða auðkenni framboðs á kjörstöðum á meðan kjörfundur stendur yfir.

Umboðsmönnum er skylt að hlíta fundarreglum þessum við eftirlit sitt sem og öðrum fyrirmælum hverfiskjörstjórnar, yfirkjörstjórnar eða starfsfólks þeirra.

10. gr.

Innsiglan atkvæðakassa og kjörgagna

Umboðsmönnum er heimilt að setja innsigli sín á þá atkvæðakassa og kjörgögn sem kjörstjórn innsiglar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

Innsigli umboðsmanna mega ekki innihalda heiti, tákn eða auðkenni framboðs og innsigli þeirra mega ekki skarast við innsigli kjörstjórnar, sbr. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga.

Framkvæmd og athugun innsigla af hálfu umboðsmanna skal ekki trufla atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

11. gr.

Eftirlit í einstaka kjördeildum

Meðan á kjörfundi stendur mega umboðsmenn vera að hámarki tveir í hverri kjördeild við framkvæmd eftirlits, nema hverfiskjörstjórn eða yfirkjörstjórn heimili annað.

Umboðsmenn skulu gæta þess við eftirlit að trufla ekki kosningaathöfnina í kjördeildinni, sýna kjósendum tillitssemi og koma fram við þá af háttvísi.

Meðan á kjörfundi stendur er umboðsmönnum óheimil myndataka í kjördeildum.

Hvers konar afritun kjörgagna, kjörskrár eða gerðabókar kjörstjórna er umboðsmönnum óheimil, þ.m.t. með myndatöku, en við flutning atkvæðakassa er heimilt að taka myndir af þeim þegar þeir eru komnir út úr kjördeildinni.

Telji umboðsmenn eitthvað athugasemdi við kosningaathöfn í einstaka kjördeildum skulu þeir koma athugasemdum að við hverfiskjörstjórn og eftir atvikum láta bóka í gerðabók hverfiskjörstjórnar samkvæmt því sem segir í 12. gr. fundarreglna þessara.

Umboðsmönnum er ávallt heimilt að koma slíkum athugasemdum beint að við yfirkjörstjórn og eftir atvikum láta bóka í gerðabók yfirkjörstjórnar samkvæmt því sem segir í 12. gr. fundarreglna þessara.

12. gr.

Bókanir umboðsmanna

Umboðsmenn eiga rétt á að láta bóka ágreiningsálit um það sem þeir telja ólöglegt við kosningaathöfnina og sem þeir fá ekki þegar leiðrétt samkvæmt 57. gr. kosningalaga.

Umboðsmenn skulu afhenda kjörstjórn skriflega bókun þar sem glögglega er greint frá því ágreiningsefni sem færa skal í gerðabók. Kjörstjórn getur þó ákveðið að bóka styttri munnlega athugasemd umboðsmanns eða þá að umboðsmaður skuli sjálfur bóka ágreiningsefnið í gerðabók.

Neiti hverfis- eða yfirkjörstjórn umboðsmanni um að færa bókun í gerðabók er umboðsmanni heimilt að bóka sjálfur í gerðabók enda riti hann nafn sitt þar undir sbr. lokamálslið 57. gr. kosningalaga.

Allir bókanir umboðsmanna samkvæmt þessari grein skulu vera á íslensku.

13. gr.

Brottvísun umboðsmanns af kjörstað

Fylgi umboðsmaður ekki reglum þessum, öðrum fyrirmælum hverfis- eða yfirkjörstjórnar eða viðhafi hegðun eða háttsemi sem veldur röskun eða truflun á framkvæmd atkvæðagreiðslu, er hverfis- eða yfirkjörstjórn rétt að áminna umboðsmanninn. Skal um slíka áminningu og grundvöll hennar bókað í gerðabók.

Sinni umboðsmaður ekki áminningu, beiti eða hótí ofbeldi, sýni af sér ógnandi hegðun eða viðhafi aðra háttsemi sem veldur stórfelldri röskun eða truflun á framkvæmd kosninganna, skal yfirkjörstjórn, eða hverfiskjörstjórn að undangengnu samráði við yfirkjörstjórn, vera heimilt að vísa umboðsmanni af kjörstað. Skal um slíka brottvísun og grundvöll hennar bókað í gerðabók.

Við brottvísun samkvæmt 2. mgr. skal yfirkjörstjórn upplýsa aðra umboðsmenn framboðsins eða frambjóðanda um brottvísun og ef þörf krefur að mælast til þess að framboðið tilnefni nýjan umboðsmann í stað þess sem vísað hefur verið brott.

14. gr.

Gildistaka og lagastoð

Fundarreglur þessar eru settar með stoð í ákvæði 4. mgr. 53. gr. kosningalaga og taka strax gildi.

Reykjavík, 11. nóvember 2024
Yfirkjörstjórn Reykjavíkur